



Hljómsveitin Hatari lét fara vel um sig í græna herberginu á lokakeppni Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva sem fram fór í Tel Aviv í Ísrael á laugardagskvöldið. Hollenska lagið sigraði en Íslendingarnir enduðu í tíunda sæti. Hatari kemur aftur heim til Íslands í kvöld, fram undan er langt ferðalag með viðkomu í Lundúnum. MYND/GUY PRIVES/GETTY IMAGES

Þriðjungur fengið fræðslu um áreitni

Ný könnun sýnir að þriðjungur fólks á vinnumarkaði hefur fengið fræðslu um kynferðislega áreitni og einelti á sínum vinnustað. Framkvæmdastýra Jafnréttisstofu segir niðurstöðurnar vonbrigði. Þau sem hafa fengið slíka fræðslu telja þörf á aukinni fræðslu.

SAMFÉLAG Aðeins 35 prósent fólks á vinnumarkaði hefur fengið fræðslu um kynferðislega áreitni og einelti á sínum vinnustað. Þetta kemur fram í könnun sem Zenter rannsóknir gerðu 23. til 30. apríl. Úrtak 1.500 einstaklinga á vinnumarkaði fékk könnunina sem framkvæmd var á netinu. Svarhlutfall var 58 prósent.

Katrín Björg Ríkarðsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu, segir niðurstöðurnar vonbrigði og koma á óvart. Í jafnréttislögum sé gert ráð fyrir sérstakri jafnréttisáætlun í

fyrirtækjum þar sem starfa fleiri en 25. Er það skylda vinnuveitenda að gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar eða skjólstaðingar séu beittir ofbeldi eða áreitni og því er fræðsla nauðsynleg.

„Ég velti fyrir mér hvort vinnuveitendur geri sér grein fyrir ábyrgð sinni í þessum málum,“ segir Katrín Björg. Jafnréttisstofa getur beitt dagsektum, allt að 50 þúsund krónum á dag, sinni fyrirtæki ekki þeirri skyldu að gera jafnréttisáætlunir.

„Það er skýrt fjallað um þetta í

lögum og reglugerð, ég hefði haldið að þessu væri tekið mun alvarlegar. Sérstaklega í ljósi #MeToo sem ytti heldur betur undir umræðuna.“

Þegar niðurstöður könnunarinnar eru skoðaðar eftir bakgrunnsbreytum kemur í ljós að mun fleiri konur, eða 42 prósent, hafa fengið slíka fræðslu en karlar höfðu fengið fræðslu í 29 prósentum tilvika.

Ívið fleiri hafa fengið fræðslu um þessi efni á höfuðborgarsvæðinu en landsbyggðinni og þeir sem eru á aldursbilinu 35 til 44 ára eru lík-

legastir til að hafa fengið fræðsluna en yngsta starfsfólkið á aldrinum 18 til 24 ára ólíklegast.

Niðurstöðurnar sýna einnig að þau sem fengið hafa fræðslu um kynferðislega áreitni og einelti á sínum vinnustað telja þörf á aukinni fræðslu, á sama tíma telja þau sem hafa ekki fengið fræðslu það vera minni þörf.

Niðurstöðurnar eru hluti af stærri rannsókn sem Zenter rannsóknir framkvæmdu í samstarfi við Mannauð, félag mannaútsfólks á Íslandi

og Hagvang. Um er að ræða samanburð tveggja kannana, annars vegar könnun sem snýr að fagaðilum í mannaútsstarfi og hins vegar könnun sem lögð var fyrir stórt úrtak starfsmanna í fjölbreyttum störfum úr mismunandi geirum.

Morgunverðarfundur verður haldinn á Grand hóteli kl. 8.30 í fyrramálið þar sem farið verður nánar yfir niðurstöður rannsóknarinnar og rætt hversu langt samfélagið er komið í kjölfar #metoo hreyfingarinnar. – aa, ab

Selfoss komið í kjörstöðu

HANDBOLTI Selfoss getur brotið blað í sögu félagsins með því að verða Íslandsmeistari í handbolta karla þegar liðið fær Hauka í heimssókn í Hleðsluhöllina á Selfossi í fjórða leik liðanna í baráttunni um Íslandsmeistaritilinn á miðvikudaginn kemur.

Selfoss hafði betur í spennutrylli eftir framlengingu í þriðja leik liðanna í Schenker-höllinni í gær. –hó / Sjá bls. 2 og 12



Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Guðmundur Steingrímsson skrifar um síðanefndir. **9**

SPORT Línur farnar að skýrast í Pepsi-Max deild karla. **15**

TÍMAMÓT Þrjú hundruð ár eru liðin frá fæðingu Bjarna Pálssonar, þess var minnst nú um helgina. **16**

MENNING Ljósmyndir Kristjóns Haraldssonar eru á sýningu í Ljósmyndasafni Reykjavíkur. **20**

LÍFIÐ Eurovision gleði frá fyrsta degi til hins síðasta. **24**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Tales from Iceland

2018 TRAVELLERS' CHOICE

tripadvisor

BESTA SAFN ÍSLANDS

SKV. TRIPADVISOR.COM


AUSTURBÆR

Krambúðin

Opnum snemma - lokum seint

15 verslanir um land allt

Veður



Norðaustlæg átt 5-10 m/s, en heldur hvassara norðvestantil. Skýjað á landinu og víða dálítill rigning eða súld. Áfram þungbúið og svöltilt væta í flestum landslutum. **SJÁ SIÐU 18**



Þórhildur Sunna stendur enn við orð sín. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Þórhildur skilar greinargerð til forsætisnefndar

STJÓRNMÁL Forsætisnefnd Alþingis fundar kl. 11.45 í dag þar sem gera má ráð fyrir að ráðgefandi álit síðanefndar Alþingis um ummæli Þórhildur Sunna Ævarsdóttur verði til umræðu. Aðspurð segist Þórhildur Sunna skila sínum athugasemdum um álit til síðanefndar fyrir hádegi í dag. Hún var gestur í Silfrinu á RÚV í gær þar sem hún hélt fast við meint siðlaus orð sín um nauðsyn þess að akstursbækur Ásmundar Friðrikssonar og greiðslur frá þinginu á grundvelli þeirra yrðu rannsakadar.

Þingmenn úr flestum þingflokkum hafa viðráð þá skoðun, í kjölfar álitsins, að endurskoða þurfi fyrirkomulag um eftirfylgni með síðareglum fyrir alþingismenn. Einkum og sér í lagi aðkomu forsætisnefndar þingsins að því hvernig málum er vísað til síðanefndar og með hvaða hætti. Hafa þingmenn lýst því viðhorfi meðal annars að síðanefndin þurfi að njóta aukins sjálfstæðis gagnvart pólitískum áhrifum.

Þórhildur Sunna og Ásmundur verða ekki aðeins til umfjöllunar á morgunfundum forseta heldur verða þau einnig áberandi í öðrum störfum þingsins í dag en þau eru bæði frummælendur í sérstökum umræðum í þinginu. Þórhildur Sunna mun ræða stöðu Landsréttar við dómsmálaráðherra kl. 15.45 í dag en Ásmundur ræðir stöðu garðyrkjunnar kl. 16.30 við iðnaðar- og nýsköpunaráðherra. - aá

Ótrúleg endurkoma Selfyssinga



Það ætlaði allt um koll að keyra í Schenker-höllinni þegar Selfyssingar komu sér í kjörstöðu í úrslitaeinvíginu í úrvalsdeild karla í handbolta í framlengingu og eftir ótrúlega endurkomu. Selfoss getur tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn á heimavelli á miðvikudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Orkupakkinn til umræðu í dag

ALÞINGI Síðari umræða um þingsályktunartillögu um þriðja orkupakkinn verður fram haldið á Alþingi í dag. Hlé var gert á seinni umræðu um orkupakkinn eldsnemma á fimmtudagsmorguninn var, en þá höfðu þingmenn Miðflokksins haldið málþöfi alla nóttina.

Þegar þingfundur var slitið í síðustu viku voru enn nokkrir þingmenn á mælendaskrá og munu þeir halda ræður sínar í dag. Allt eru þetta þingmenn Miðflokksins en Sigmundur Davíð Gunnlaugsson verður fyrstur í pontu. Þingfundur hefst klukkan 15 og er orkupakkinn fimmta mál á dagskrá. - khn



Þakkar Hatara og býður til Ramallah

Holland sigraði í Eurovision á laugardagskvöldið. Íslenska sveitin sýndi borða með fána Palestínu undir lok útsendingarinnar. Talsmaður fyrir mannréttindum Palestínunanna bauð Hatara til Ramallah til að þakka þeim fyrir.

EUROVISION Hollendingurinn Duncan Laurence stóð uppi sem sigurvegari Eurovision söngvakeppninnar eftir kröftugan flutning á laginu Arcade. Keppnin var nokkuð jöfn að þessu sinni og munaði aðeins á þriðja tug stiga á milli sigurvegarans og Ítalans sem lenti í öðru sæti.

Augu Íslendinga voru þó kyrrilega fóst á okkar keppendum. Hatari var sautjándi í röðinni upp á sviði í Tel Aviv og stóð sig með þrýði líkt og á undanúrslitakvöldinu. Hatari féll ekki í kramið hjá dómnefndum Evrópu sem gáfu þeim aðeins 48 stig, þar af tíu stig frá dómnefnd Belgíu. Hatari var mun vinsælli hjá áhorfendum, frá þeim fengum þeir 186 stig þar af tólf stig frá Póllandi, Finnlandi og Ungverjalandi. Þegar á heildina er litið fengum við flest stig frá Ástralíu, alls átján stig. Alls hlaut Hatari 234 stig sem skilaði Íslandi tíunda sætinu.

Það var þó ekki sviðsframkoma Hatara sem vakti mesta athygli. Þegar komið var að því að lesa upp stig frá áhorfendum sáust meðlimir Hatara halda á lofti borðum Palestínu. Það kom nokkuð fát á salinn í Tel Aviv og sást ekki meira til þeirra í keppninni. Eftir keppnina birti Einar Stefánsson, trommugimp Hatara, myndband á samfélagsmiðlum þar sem öryggisverðir krefjast þess að fá borðana. Einhver eftirmál verða af uppátækinu og munu stjórnendur söngvakeppninnar funda um málið á næstu dögum.

Samkvæmt útsendurum Fréttablaðsins í Tel Aviv, þeim Benedikt Bóas Hinrikssyni og Ingólfi Grétarsyni, hefur viðmót heimamanna í garð Íslendinga ekkert breyst.

Þeir náðu tali af Matthíasi Tryggva Haraldssyni, annars söngvara Hat-



Undir lok útsendingarinnar sýndu meðlimir Hatara fána merktu Palestínu. Skilaboðin náðu til 200 milljón áhorfenda. MYND/SKJÁSKOT AF VEF RÚV

» Hatari fékk 186 stig frá áhorfendum en aðeins 48 stig frá dómnefndum.

ara, sem sagði þeim að Dr. Mustafa Barghouti, stjórnmalamaður á vegum BDS, palestískra samtaka sem hvetja til sniðgöngu á Ísrael, hafi sérstaklega haft samband við Hatara. Dr. Barghouti, sem hefur lengi verið í fararbroddi talsmanna fyrir mannréttindum Palestínunanna og flutt erindi hér á landi, óskaði þeim innilega til hamingju og kann Hatara bestu þakkir. Bauð hann hljómsveitinni til borgarinnar Ramallah á Vesturbakkanum á sérstaka hátið þar sem þeim yrði þakkað fyrir. Samkvæmt Matthíasi komast þeir ekki.

Miri Regev, menningarmálaráðherra Ísraels, sagði við blaðamenn í gær að Hatari hafi gert mistök með

því að sýna fánann. Sama eigi við um söngkonuna Madonna, en einn dansara hennar var með fána Palestínu á bakinu. Páll Arnór Pálsson, kjöræðismaður Ísraels á Íslandi, segir ólíklegt að uppátækið hafi áhrif á samband ríkjanna. Sambandið hafi lengi verið gott en svona mál séu ekki til þess fallin að auka hróður Íslands í Ísrael.

Magnús Magnússon, hjá samtökunum Ísland-Palestína, segir falllegt að hafa séð fána Palestínu. „Við styðjum sniðgönguáfall Palestínunanna. Það er augljóst að vera Hatara í keppninni skapaði mun meiri áhuga á keppninni hérna heima en ella og beiðni hinnar hernumdu þjóðar nær eingöngu hundsud. Hins vegar er alltaf falllegt að sjá palestínska fánann, sem víða er bannaður í Ísrael, í sjónvarpinu og við vonum að Hatari haldi áfram að tala máli Palestínu afalvöru eftir heimkomu.“ arib@frettabladid.is

Garðsláttuvélar sem slá á þínum gönguhraða



Cub Cadet
Gerir sláttinn auðveldari

PÓR

Reykjavík:
Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:
Baldursnes 8
603 Akureyri
Sími 568-1555

Opnunartími:
Opnið alla virka daga
Lokað um helgar

Vefsíða og netverslun:
www.thoris.com



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

NÝR CAMRY HYBRID SÝNDU FORDÆMI

ISLENSKULLISTOV 91442 0519



Verð frá: 6.550.000 kr.



Eftir áralanga fjarveru kynnum við nýjan Camry Hybrid til sögunnar, veglega nýja útgáfu sem fer á undan með góðu fordæmi. Hann fæst einungis í Hybrid-útgáfu sem sameinar fullkomlega gæði, glæsileika og virðingu fyrir umhverfinu. Komdu og finndu þig í glæsilegum bíl sem fer þér betur. Sýndu fordæmi – veldu Hybrid.

2 ára þjónustupakki fylgir með nýjum Camry Hybrid, viðskiptavinum að kostnaðarlausu.

Nú er 7 ára ábyrgð á öllum nýjum Toyota bifreiðum.



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi
Fossnesi 14



Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Árangur lokuskiptaáðgerða svipaður hjá konum og körlum

HEILBRIGÐISMÁL Þrátt fyrir að konur hafi reynst vera með alvarlegri þrengsli í ósæðarloku hjartans en karlar, þá er árangur af lokuskiptaáðgerðum mjög svipaður hjá báðum kynjum og langtímalífslíkur að lokinni aðgerð sómuleiðis. Þetta kemur fram í niðurstöðum nýrrar rannsóknar á vegum íslenskra vísindamanna og nemenda við Háskóla Íslands. Í rannsókninni var í fyrsta sinn kannað hver árangur ósæðalokuskiptaáðgerða er hjá

konum hérlendis og hann borinn saman við árangur af sams konar aðgerðum hjá körlum.

Alls tóku 428 sjúklingar þátt í rannsókninni en allir gengust undir ósæðarlokuskipti á Landspítala á árunum 2002 til 2013. Þrenging í ósæðarloku er næstalgengasti hjartasjúkdómurinn sem meðhöndlaður er með opinni skurðagerð á eftir kransæðaþrengslum.

Lokuprengsli þeirra kvenna sem




Ósæðarlokuskipti á Landspítala, þar sem komið er fyrir lífrænni ósæðarloku úr gollurshúsi kálfs. FRÉTTABLAÐIÐ/HÍ

tóku þátt í aðgerðinni voru almennt alvarlegri en karlanna. Engu að síður var árangur af aðgerðunum svipaður hjá báðum kynjum og átti það bæði við um snemmkomna fylgikvilla og 30 daga dánartíðni. Einnig reyndist langtímalífur kvenna sambærileg og hjá körlum en í kringum 80% sjúklunga voru á lífi fimm árum eftir aðgerð sem þykir ágætur árangur fyrir sjúklunga á þessum aldri.

Af heildarfjölda þátttakenda í

rannsókninni voru konur aðeins 35 prósent og meðalaldur þeirra 72 ár, en hjá körlum 70 ár. Þetta vekur upp spurningar hvort tölverði á greiningu sjúkdómsins hjá konum og þeim síður boðið upp á lokuskiptaáðgerð. Rannsóknir í öðrum löndum hafa leitt í ljós svipaðar niðurstöður og er skýringin oftast talin liggja í ódæmigerðum einkennum kvenna sem geta tafið greiningu og meðferð. -khn



Berntsen skartaði fána Palestínu og leiddi dansara með fána Ísraels í atriði Madonnu. NORDICPHOTOS/GETTY

Stöðvuð á leið frá Tel Aviv

EUROVISION Mona Berntsen, norsk dansarinn sem skartaði fána Palestínu á bakinu í atriði Madonnu í Eurovision á laugardagskvöldið, var stöðvuð á flugvellinginum í Tel Aviv í Ísrael í gær.

Berntsen segir á Instagram að vegabréfið hafi verið tekið af henni og hún sætt rúmlega eins og hálfstíma yfirheyrslu af hálfu yfirvalda á leið úr landinu.

„Líklega vegna þess að ég bar fána sem hluta af atriði sem fjallaði um núverandi átök, til að stuðla að friði, samstöðu og frelsi,“ segir hún. „Ég get ekki ímyndað mér hversu miklu eftirliti og kúgun Palestínumenn þurfa að sæta á hverjum degi.“

Í atriði Madonnu leiddi Berntsen annan dansara, sem skreyttur var fána Ísraels, upp stiga. Þessi hluti af atriðinu var ekki gerður með leyfi skipuleggjenda keppinnar.

Meðlimir íslensku sveitarinnar, Hatari, sýndu einnig fána Palestínu í söngvakeppninni. Héldu þeir uppi þremur fánaborðum og í myndbandi sem deilt var á samfélagsmiðlum má sjá öryggisverði krefjast þess að þeir afhendi þá.

Felix Bergsson, fararstjóri íslenska hópsins, segir að hópurinn leggi af stað snemma morguns til Lundúna. Á hópurinn að lenda á Íslandi um tíuleytið í kvöld. -ab

Falið að skoða ábendingar um hvarf Guðmundar og Geirfinn

Dómsmálaráðherra hefur sett Höllu Bergþóru Björnsdóttur lögreglustjóra til að taka afstöðu til ábendinga um mannhvörfin. Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari tilkynnti ráðherra um vanhæfi sitt í desember. Ábendingar hafa komið fram um bæði mannhvörfin á undanförunum árum.

LÖGREGLUMÁL Dómsmálaráðherra hefur sett Höllu Bergþóru Björnsdóttur, lögreglustjóra á Norðurlandi eystra, til að taka afstöðu til þess hvort hefja beri lögglurannsókn á grundvelli nýrra ábendinga um afdrif Guðmundar- og Geirfinns Einarssona. Þetta kemur fram í svari ráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Samkvæmt sakamála lögum getur ríkissaksóknari kveðið á um rannsókn máls, mælt fyrir um framkvæmd hennar og gefið öðrum ákærendum fyrirmæli um einstök mál. Málið er á borði ríkissaksóknara en Sigríður Frið-

jónsdóttir tilkynnti dómsmálaráðherra um vanhæfi sitt til að fara með málið í bréfi til dómsmálaráðherra 12. desember síðastliðinn. Var Halla Bergþóra settur ríkissaksóknari í stað Sigríðar 22. mars.

Þegar Davíð Þór Björgvinsson, settur saksóknari í endurupptöku máli þeirra fimm sem sýknaðir voru af aðild að málinu síðastliðið haust, skilaði vinnu sinni til ríkissaksóknara vakti hann við það tækifæri sérstaka athygli á ábendingum um afdrif manna tveggja sem komið hafa fram á undanförunum árum. Þar á meðal var ábending



Halla Bergþóra Björnsdóttir, lögreglustjóri á Norðurlandi eystra.

um afdrif Guðmundar sem leiddi til handtöku tveggja manna árið 2015. Einnig voru teknar skýrslur af tveimur vitnum árið 2016 vegna meintra atvika í Vestmannaeyjum dagana í kringum hvarf Geirfinns árið 1974.

Fréttablaðið greindi frá því í haust að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lægi undir felddi vegna málsins og hefði hug á að hefja rannsókn að nýju en biði formlegrar afstöðu ríkissaksóknara. Embættið hefur aðeins forræði á máli Guðmundar en hvarf Geirfinns heyrir hins vegar undir löggluna á Suðurnesjum. -aa

Ábending um Guðmund

Stefán Almarsson, sem er talinn hafa logið því að lögglu að Kristján Viðar og Sævar ættu þátt í hvarfi Guðmundar, var yfirheyrður af lögglu síðla árs 2015 í kjölfar vitnisburðar fyrrverandi sambýliskonu Stefáns sem bar að hún hefði verið farþegi í bíl undir hans stjórn þegar ekið var á Guðmund Einarsson aðfaranótt 27. janúar 1974. Guðmundur hafi verið tekinn upp í bílinn og henni svo ekið heim en mjög hafi verið dregið af Guðmundi þegar hún yfirgaf bílinn. Einnig var yfirheyrður Þórður Eypórsson sem konan sagði einnig hafa verið farþega í bílnum. Stefán og Þórður neituðu hins vegar staðfastlega nokkurri aðkomu að hvarfi Guðmundar.

Til er skýrsla af Stefáni frá árinu 1977 um ferðir hans kvöldið 27. janúar 1974. Hann sagðist hafa verið með nafngreindum vini sínum að skemmta sér í Reykjavík. Í skýrslutöku játaði vinur þessi hvorki né neitaði að hafa verið með Stefáni umrætt kvöld, en hann viðurkenni að hafa þekkt Guðmund frá grunnskólaárum sínum. Hann er eldri bróðir Þórðar Eypórssonar og mun hafa verið í meiri vinskapi við Stefán en Þórður sem var aðeins 16 ára þegar Guðmundur hvarf.



Ábendingar um Geirfinn

Í lok árs 2016 gaf maður sig fram við lögglu og bar um að hafa séð þrjá borgaralega klædda menn koma á smábáti til hafnar í Vestmannaeyjum 20. nóvember 1974, daginn eftir að Geirfinnur hvarf í Keflavík. Tveir þeirra hafi leitt þann þriðja á milli sín sem hafi verið máttfarinn og að því er virtist rænulitill. Þeir hafi komið inn í verbúð þar sem sjónarvotturinn var staddur og dvalið þar dágóðan tíma í lokuðu herbergi með leyfi kokksins í mótuneyti fyrirtækisins. Þegar þeir gengu aftur út hafi sá sem var á milli þeirra talað til hans og sagt: „Mundu eftir mér.“ Hann hafi svo horft á eftir þeim fara aftur um borð í trilluna og sigla frá bryggju. Nokkur síðar komu þeir að landi aftur en fóru þá bara tveir

frá borði. Mennina hafi hann ekki séð aftur fyrir en nærri tveimur áratugum síðar austur á landi þar sem annar þeirra hafi verið að vinna í tengslum við lagningu háspennulínu fyrir Landsvirkjun.

Einnig var tekin skýrsla af fyrrverandi sambýliskonu mannsins sem var með honum í verbúðinni í Eyjum. Hún sá ekki mennina þrjá. Hins vegar hafi hún fengið símtal tveimur dögum síðar og þeim hótað lífláti. Þau hafi óttast hótunina og því ekki sagt neitt fyrir en nú.





jeep.is

JEEP RENEGADE

— SUMARTILBOÐ —

ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

Bjóðum nokkra Jeep Renegade Limited og Trailhawk með tilboðspakka. 2.0 lítra dísel vél 140 hÖ. Limited - 170 hÖ. Trailhawk.*

- 9 giru sjálfskipting
- 7" upplýsinga- og snertiskjár
- Hátt og lágt drif
- Bluetooth til að streyma síma og tónlist

Tilboðspakki: Þægindapakki, LED ljósapakki, svart þak og eingöngu í Trailhawk 8,4" upplýsinga- og snertiskjár með íslensku leiðsögukerfi.

JEEP RENEGADE LIMITED MEÐ TILBOÐSPAKKA - LISTAVERÐ: 5.702.000 KR. - TILBOÐSVERÐ: 5.390.000 KR.

JEEP RENEGADE TRAILHAWK MEÐ TILBOÐSPAKKA - LISTAVERÐ: 6.202.000 KR. - TILBOÐSVERÐ: 5.690.000 KR.

MOTION

FJÖLHÆFASTA FJÖLSKYLDA LANDSINS?

Komdu við hjá sérfræðingum okkar að Laugavegi 174 og kynntu þér úrval Volkswagen atvinnubíla í einni fjölhæfustu fjölskyldu landsins.



SÚPER VERÐ!

Glæsilegur og vel útbúinn pallbill með 3.0 lítra, V6 disilvél, sjálfvirkum vélarhitara, bakkmyndavél, fjarlægðarskynjara að framan og aftan, regn- og birtuskynjara og 18" álfelgum.

Volkswagen Amarok
Tilboðsverð frá
7.660.000 kr.

Hannaður með þarfir iðnaðarmanna að leiðarljósi og með átta þrepa sjálfskiptingu fyrir allar útgáfur. Fjöldi útfærslna á hleðslurými, farþegarymi og aðstoðarkerfi.

Volkswagen Crafter
Verð frá
6.220.000 kr.

SÚPER VERÐ!

Einn vinsælasti atvinnubíll á Íslandi undanfarin ár. Áreiðanlegur, öruggur og fæst í tveimur lengdum, fjórhjóladrifinn og í fjölda útfærslna.

Volkswagen Caddy
Tilboðsverð frá
2.690.000 kr.

Transporter hefur fylgt kynslóðum af fólki sem hefur þurft á traustum og áreiðanlegum vinnubjarki. Fullkomin stöðugleikastýring, spólvörn og sjö þrepa sjálfskipting.

Volkswagen Transporter
Verð frá
4.590.000 kr.



Atvinnubílar



Trump fagnar atlögum að sjálfsákvörðunarrétti kvenna

BANDARÍKIN Donald Trump Bandaríkjaforseti segist vera hlynntur hertri löggjöf um þungunarrof. Trump, sem hefur í gegnum tíðina gefið upp mismunandi skoðanir á málinu, sagði á Twitter í gær að hann væri afar mikill stuðningsmaður hinnar svokölluðu Pro-Life-hreyfingar sem berst gegn því að konur fari í þungunarrof.

Í færslu sinni á samskiptamiðlinum sagðist hann vera andvígur þungunarrofi nema í þremur undantekningartilvikum: ef um er að ræða þungun sem verður til eftir nauðgun eða sífjaspell, eða þegar meðgangan

ógnar lífi móðurinnar. Ljóst er að Trump hefur hug á að gera þungunarrof að einu af meginsteifi næstu forsetakosninga í Bandaríkjunum á næsta ári. „Við verðum að sameinast og sigra fyrir lífið árið 2020,“ tísti forsetinn.

Á undanförunum misserum hafa nokkur ríki Bandaríkjanna þengt verulega rétt kvenna til að fara í þungunarrof. Hreyfing fyrir auknum ákvörðunarrétti kvenna hefur boðað mótmæli í dag í kjölfar laga sem sett hafa verið í ríkjum Bandaríkjanna, til að mynda Alabama. Sextán ríki eru með það á dagskrá að

herða löggjöfina um þungunarrof.

Ætla má að löggjöfin í Alabama rati alla leið fyrir Hæstarétt Bandaríkjanna og að þar verði látið reyna á sögulegan Roe v. Wade-dóm frá árinu 1973 sem veitti konum rétt til að ákveða hvort þær vildu gangast undir þungunarrof í Bandaríkjunum.

Landslagið er breytt í Hæstarétti og í fleiri ríkisdómstólum með tilkomu nýrra dómara. Íhaldssamir dómara eru nú í meirihluta við Hæstarétt Bandaríkjanna og er talið að látið verði reyna á áður nefndan Roe v. Wade-dóm. - dfb, khn



Donald Trump Bandaríkjaforseti. NORDICPHOTOS/GETTY



Sprengjan sprakk nærri píramíðunum í Giza. NORDICPHOTOS/GETTY

Margir særðir eftir ódæði í Egyptalandi

EGYPTALAND Sextán hið minnsta særðust þegar sprengja sprakk í grennd við Grand Egyptian-safnið við píramíðana í Giza í Egyptalandi í gær.

Breska ríkisútvarpið greinir frá því að flestir hinna særðu séu ferðamenn frá Suður-Afríku. Enginn særðist lífshættulega samkvæmt heimildum útvarpsins.

Ekki liggur fyrir hver stóð að baki sprengjuárásinni, en íslamskir vígamenn hafa áður gengist við ábyrgð á slíkum ódæðum í Egyptalandi. Í desember létust þrjár vietnamskir ferðamenn og leiðsögumaður þeirra þegar sprengja sprakk nálægt píramíðunum.

Framkvæmdir standa nú yfir í Grand Egyptian-safninu en það mun opna dyr sínar árið 2020 og verður þá stærsta fornleifasafn í heimi. - khn

Saka fulltrúa Miðflokks um brask á bæjarstjórnarfundi

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokks eru sakaðir um lygar og ósannindi í bæjarstjórn Árborgar. Sökuðu þeir bæjarfulltrúa um lóðabrask. Meirihlutinn vill skoða hvort ummælin stangist á við siðareglur kjörinna fulltrúa. Siðareglur segja til um að bæjarfulltrúar skuli sýna störfum annarra virðingu.

ÁRBORG Ari Björn Thorarensen og Gunnar Egilsson, bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins í Árborg, saka Tómas Ellert Tómasson, fulltrúa Miðflokksins, um að hafa staðið í lóðabraski þegar fyrirtæki fékk úthlutað lóð á síðasta kjörtímabili. Fulltrúar allra annarra flokka vilja að Samband sveitarfélaga úrskurði hvort Sjálfstæðismennirnir hafi farið á svig við siðareglur.

Forsaga málsins er sú að Sjálfstæðismennirnir telja að fyrirtæki í eigu Tómasar Ellerts hafi fengið atvinnuhúsnæðislóð í Álalæk í Árborg á síðasta kjörtímabili. „Hann fékk þessa lóð og gerði ekkert við hana og seldi síðan og græddi peninga á því. Við erum ekki tilbúnir til að draga þessi ummæli til baka,“ segir Ari.

Eggert Valur Guðmundsson er formaður bæjarráðs í meirihluta Árborgar. Hann segir ummæli um lóðabrask vera ósannindi. „Við vildum að þeir myndu draga þessi orð til baka en þeir höfðu ekki áhuga á því. Það var dapurlegt að verða vitni að þessu,“ segir Eggert Valur en á síðasta fundi bæjarstjórnar voru lögð fram gögn sem sýndu að Tómas Ellert átti engan hlut í því fyrirtæki sem fékk umrædda lóð.

„Það er alveg ljóst að kjörnum fulltrúum ber að haga störfum sínum og orðræðu í samræmi við settar siðareglur sem þessir bæjarfulltrúar hafa skrifað undir og samþykkt,“ segir Eggert Valur. Í bókun meirihluta bæjarstjórnar er það



Miðflokkurinn, Framsóknarflokkurinn, Áfram Árborg og Samfylkingin mynda meirihluta í Árborg. FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÖR

Við vildum að þeir myndu draga þessi orð til baka en þeir höfðu ekki áhuga á því.

Eggert Valur Guðmundsson, formaður bæjarráðs Árborgar



talið eðlilegt að samband sveitarfélaga kanni hvort ummæli bæjarfulltrúanna hafi brotið í bága við siðareglur. „Það er alveg ljóst að gögnin sem voru lögð fram sýna að hann átti ekki umrætt fyrirtæki og því ekki hægt að saka hann um að vera í lóðabraski.“

Ari Björn Thorarensen segist standa við orð sín. „Við vorum í meirihluta á síðasta kjörtímabili og þar kom það skýrt fram að hann

hafi verið að sækjast eftir lóð. Við gætum átt tölvupósta því til staðfestingar.“

Sjálfstæðisflokkurinn var í síðustu bæjarstjórn með hreinan meirihluta; fimm bæjarfulltrúa af níu. Meirihlutinn féll hins vegar í síðustu sveitarstjórnarkosningum árið 2018. Nú eru í meirihluta Áfram Árborg, Framsókn, Miðflokkur og Samfylkingin. sveinn@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á www.frettabladid.is/nyskraning. Það kostar ekkert.

Vöðva eða liðverkir?

Voltaren Gel er bæði verkjastillandi og bólgueyðandi

15%
afsláttur
af 100g og 150g
Voltaren Gel



Voltaren Gel - njótum þess að hreyfa okkur

Voltaren 11,6 mg/g hlaup. Inniheldur díklófenakvíetýlamin. Staðbundnir bólgueyðingar. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.



Way of Life!

SWIFT, VERÐLAUNABÍLL Í SÉRFLOKKI!

Suzuki Swift var valinn bíll ársins í flokki smærri fólksbíla, fékk gullverðlaun í „Grand Prix Auto Environment“ í Frakklandi ásamt fleiri verðlaunum og viðurkenningum.



Suzuki Swift hefur frábæra aksturseiginlega og er með nýjum, kraftmiklum og einstaklega sparneytnum vélum.

Suzuki Swift er fánlegur sjálfskiptur, beinskiptur og einnig fjórhjóladrifinn.

VERÐ FRÁ KR.

2.390.000

Það er alltaf Suzuki veður!



● Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

Niður á jörðina



Hörður Ágísson
hordur@frettabladid.is

Þetta var viðbúið. Þegar fjármálaráðherra kynnti fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar í lok mars, sem grundvallaðist á spám um að ekkert lát yrði á einu lengsta hagvaxtarskeiði lýðveldissögunnar, mátti flestum vera ljóst að þær forsendur sem hún grundvallaðist á myndu breyta innan skamms. Það varð reyndin og örfáum dögum síðar var WOW air orðið gjaldþrota.

Höggði á ferðaþjónustuna við fall flugfélagsins virðist ætla að vera meira til skemmri tíma lítið en margir höfðu áður talið. Vandræði Icelandair vegna kyrrsetningar á Max-vélunum gerir illt verra og þýðir að skarðið sem WOW air skilur eftir sig fyrir flugframboð til og frá landinu í sumar verður nánast ekkert fyllt af öðrum flugfélögum. Niðurstaðan verður því líklega nærri 20 prósentu samdráttur í komum ferðamanna á árinu sem þýðir að gjaldeyristekjur vegna ferðaþjónustunnar minnka um líðlega 100 milljarða. Áhrifin eiga eftir að verða umtalsverð á rekstur margra fyrirtækja og um leið er ljóst að tekjuáætlunir ríkissjóðs og sveitarfélaga eru brostnar. Áætlun um tæplega eins prósentu afgang á fjárlögum ríkisins mun að óbreyttu ekki ganga eftir.

Hversu djúp verður niðursveiflan? Samkvæmt nýrri þjóðhagsspá Hagstofunnar er gert ráð fyrir að landsframleiðslan skreppi saman á þessu ári um 0,2 prósent en í fyrra mældist hagvöxturinn 4,6 prósent. Hætt er hins vegar við því að sú spá eigi eftir að reynast helst til of bjartsýn. Hagkerfið hefur orðið fyrir tvöföldum skelli á skömmum tíma – bæði vegna loðnubrests og gjaldþrots WOW air – sem á eftir að valda því að útflutnings- tekjur þjóðarbúsins munu dragast nokkuð saman. Fyrirtæki í ferðaþjónustu, sem eru mörg hver núna að horfa upp á tugprósentu samdrátt á milli ára, munu fækka starfsfólki og sum eiga eftir að lenda í rekstrarerfiðleikum. Bankarnir þurfa að búa sig undir frekari afskriftir vegna útlána tengdum atvinnugreininni.

Það er hins vegar lítil ástæða til að örventa. Hagkerfið hefur aldrei verið betur í stakk búið til að takast á við skammvinnar efnahagsþrengingar. Ísland er orðið að lánveitanda við útlönd, Seðlabankinn ræður yfir meira en 700 milljarða óskuldsettu gjaldeyrisforða og skuldir heimila, fyrirtækja og ríkissjóðs eru lágar í sögulegu samhengi. Nú þegar slaki hefur tekið við af spennu hljóta stjórnvöld við þær aðstæður að horfa til þess hvort hægt sé að ráðast í enn umfangsmeiri fjárfestingar í innviðum landsins á komandi árum. Slíkt myndi ekki aðeins sporna gegn því að samdrátturinn verði dýpri en ella heldur einnig skapa grunn að hagvexti framtíðarinnar og um leið styrkja grunnstöðir ferðaþjónustunnar.

Kjöraðstæður eru að skapast fyrir Seðlabankann til að lækka vexti verulega á komandi misserum. Það endurspeglast meðal annars í því að verðbólguálag á skuldbrefamarkaði sem og verðbólguvæntingar markaðsaðila hafa lækkað mikið að undanförnu. Næstkomandi miðvikudag verður fyrsta vaxtaákvörðunin eftir fall WOW air og gerð nýrra kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Ágætis fyrsta skref peningastefnunarinnar til að leggja sitt af mörkum í þessum breytta efnahagsveruleika væri að lækka vexti bankans úr 4,5 prósent í fjögur prósent. Það hlýtur að ganga eftir.



Kjöraðstæður eru að skapast fyrir Seðlabankann til að lækka vexti verulega á komandi misserum.

Halldór



Frá degi til dags

Önnur og alvarlegri mál. Á meðan meginþorri þjóðarinnar skemmti sér yfir Eurovision og umræðunum sem sköpuðust í kjölfarið þá hélt þjóðfélagsumræðan áfram um önnur og alvarlegri mál. Í útvarpsþættinum Sprengisandi í gar mættust Ólína Þorvarðardóttir, fyrirverandi þingmaður, og Halldóra Mogensén, formaður velferðarnefndar, til að ræða nýju þungunaröfslög. Talaði Ólína um að málið hefði þyrft mun lengri og dýpri umræðu í samfélaginu, en á sama tíma talaði hún um að henni liði illa með umræðuna. Spurning hvort það hafi ekki einmitt verið best að klára málið í þetta mikilli sátt meðal bæði þings og þjóðar.

Engar áhyggjur af orkupakkanum. Palestínuborði Hatara á Eurovision vakti mikla athygli. Bæði hér á landi og víðar. Fjórði var mikið á Twitter en enn meira innan samfélagsmiðlahópa sem hatast við Palestínumenn. Sést bersýnilega á umræðunum þar að hatara Hatara eru þeir sem styðja Ísraelsríki á þeim forsendum að ríkið sjálft er fyrsta skrefið í átt að heimsendi í Opinberunarbókinni. Röksemdafærslan er eftir því. Hefur því einnig verið slengt fram að Hatari hafi átt að beina sjónum almennings frá þriðja orkupakkanum. Slíkar áhyggjur eru með öllu óþarfar þar sem fimm þingmenn Miðflokksins hafa ráðað sér á mælendaskrá í dag. arib@frettabladid.is

Persónuvernd barna – innan heimilis og utan



Steinunn Birna Magnúsdóttir lögfræðingur og verkefnastjóri yfir mál-efnum barna hjá Persónuvernd.



Persónuvernd hefur það lög- bundna hlutverk að efla vitund almennings um reglur og réttindi tengd vinnslu persónu- upplýsinga.

Persónuvernd og friðhelgi einkalífs eru ein mikilvægustu mannréttindi sem til eru. Á tímum stafræns veruleika þar sem persónuupplýsingar eru orðnar einn helsti gjaldmiðill samfélagsins eykst nauðsyn þess að allir, ekki síst börn og ungmenni, þekki helstu réttindi sín og skyldur. Persónuupplýsingar barna njóta í raun sérstakrar verndar, þar sem þau kunna að vera síður meðvitund um réttindi sín, áhættu og afleiðingar í tengslum við meðferð þeirra, bæði innan heimilis og utan.

Persónuvernd hefur það lög- bundna hlutverk að efla vitund almennings um reglur og réttindi tengd vinnslu persónuupplýsinga. Lögð hefur verið áhersla á að standa vörð um málefni barna og hefur Persónuvernd í því skyni m.a. haldið málþing fyrir öll skólastigin, gefið út tilmæli vegna samfélagsmiðlanotkunar í skólum og frístundastarfi, flutt erindi víða og fjallað um efnið í fjölmörgum. Nú á dögum sendi Persónuvernd bréf og fræðslubæklinga í alla grunnskóla landsins þar sem fjallað er um grunnatriði um persónuvernd barna, bæði fyrir kennara og aðra þá sem vinna með upplýsingarnar og einnig fyrir börnin og ungmennin sjálf. Í bréfinu eru skólastjórnendur hvattir til þess að kynna efnið fyrir kennurum, öðru starfsfólki og nemendum.

Mikið starf hefur þegar verið unnið í vitundarvakningu um persónuvernd, en betur má ef duga skal. Við búum í sibreytilegum heimi þar sem tækninni fleygir fram á ljósraða. Tæknin færir okkur mörg ný tækifæri en á sama tíma hefur aldrei verið mikilvægara að einstaklingurinn standi vörð um þessi mikilvægu mannréttindi sín. Stafræn fótspor barna byrja jafnvel að myndast áður en þau fæðast og netnotkun hefst sífellt fyrr á æviskeiðinu. Því er mikilvægt að fræðsla um persónuvernd og netöryggi verði hluti af daglegu lífi þeirra strax frá frumbersku, rétt eins og umferðarreglurnar. Til að stuðla að því markmiði mun Persónuvernd halda áfram að setja málefni barna í forgang og stefnt er að því að útbúa meira fræðsluefni í því skyni.

Slakaðu á með Slökun

Einkenni magnesíum-skorts

- ~ Litil orka
- ~ Þróttleysi
- ~ Veik bein
- ~ Hormóna ójafnvægi
- ~ Svefntruflanir
- ~ Vöðvakrampar, kippir og spennar
- ~ Kölkun líffæra
- ~ Óreglulegur hjartsláttur
- ~ Kviði
- ~ Streita
- ~ Þirringur



www.mammaveitbest.is

Sand og siðanefndin

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Að mínu siðferðislega fallvalta mati áttu tveir aðilar, Jon Ola Sand, framkvæmdastjóri Júrövisjón, og siðanefnd Alþingis, einstaklega slæma daga í síðustu viku. Hvorugur gerði gott mót. Bæði Jon Ola Sand og siðanefndin reyndu í vikunni að vera einhvers konar siðferðislegir áttavitar. Sussað var á annað fólk. Spurningarnar sem við það hafa vaknað eru í meira lagi bitastæðar.

Ég hef rökstuddan grun um að siðanefnd Alþingis hafi með sínu álitum tiltekið orðalag Þórhildar Sunnu Ævarsdóttur náð að kippa grundvelliinum svo til algjörlega undan eigin tilverurætti, ef hann var þá yfirleitt einhver. Orðalag siðanefndar sjálftrar um Þórhildi Sunnu má í raun nota um álit siðanefndarinnar líka. Álit hennar er „til þess fallið að kasta rýrd á Alþingi og skaða ímynd þess“. Hugsanlegt er að siðanefndin hafi misskilið hlutverk sitt og talið að hún ætti að storka fólki siðferðislega. Það er einmitt það sem hún hefur gert. Siðferðisleg álitamál blasa við sem aldrei fyrr.

Steikt fyrirbrigði

Siðanefnd einhverra þriggja einstaklinga er auðvitað svolítið steikt fyrirbrigði í sjálfu sér. Þarf úrskurð siðanefndar til að segja fólki að ummæli þingmannanna á Klausturbarnum hafi verið siðlaus? Sér það ekki hver maður? Eða ekki? Dæmir ekki hver fyrir sig? Er einhver að biða eftir álitum siðanefndar, svo hann geti ákveðið sig? Átti Ágúst Ólafur að biða eftir

úrskurði siðanefndar áður en hann ákvað að axla ábyrgð á hegðun sinni og fara í áfengismedferð? Hvaða tilgangi þjónar álit siðanefndar í síðuðu samfélagi þar sem fólk leitast við að taka sjálft siðferðislegar ákvarðanir? Mér sýnist niðurstaðan blasa við: Einungis í siðlausu samfélagi þarf siðanefnd. Í samfélagi þar sem enginn hefur siðferðisvitund, þar þarf nefnd. Og Ísland er sem betur fer ekki komið þangað. Alveg.

Híð siðlega hjá siðanefndinni á þessum tímamarki væri að leggja sig niður með rökstuddu álitum. Í máli Þórhildar Sunnu hefur siðanefndinni tekist að snúa málum á haus og einmitt tekist í sjálfu sér að sýna að siðir verða ekki afgreiddir af nefnd. Siðir eru þjóðfélagsins. Sjálfsagt var nefndin að vanda sig en veruleikinn blasir við. Ásmundur Friðriksson fékk of mikið af aksturspeningum. Slikt hátterni er ekki til siðferðislegrar fyrirmyndar, finnst mörgum. Þingmönnum ber að sýna höfsemi þegar aðgangur að opinberu fé er annars vegar. Það að Þórhildur Sunna segist geta rökstutt þær grunsemdir sínar að Ásmundur hafi með þessu hátterni dregið sér fé, er ekki nema sjálfsagt. Það er Ásmundur að svara þeim grunsemdum, ekki siðanefndar. Geti hann það ekki — sem mér sýnist hann hafa átt í verulegum erfiðleikum með — þá verður hann að eiga það yfir höfði sér að verulegur fjöldi fólks telur að hann hafi visvitandi rúkað til sín of mikið fé og að hann hafi ekki gert það óvart. Og þannig er það.



Orðalag siðanefndar sjálftrar um Þórhildi Sunnu má í raun nota um álit siðanefndarinnar líka. Álit hennar er „til þess fallið að kasta rýrd á Alþingi og skaða ímynd þess“. Hugsanlegt er að siðanefndin hafi misskilið hlutverk sitt og talið að hún ætti að storka fólki siðferðislega. Það er einmitt það sem hún hefur gert. Siðferðisleg álitamál blasa við sem aldrei fyrr.

Nefnd trompar ekki lýðræðið

Í raun mætti halda því fram að tilvist siðanefndar Alþingis sé viss móðgun við lýðræðið og siðferðisvitund fólks almennt. Fólk kys alþingismenn. Svo rammt kveður að lýðræðislegum rétti fólks til að velja þá aðila sem því sýnist, að jafnvel mætti ímynda sér að Flokkur siðlausra byði einhvern tímann fram. Hann hefði það á stefnuskrá sinni að rífa kjaft, fara með dylgjur og reyna með öllum brögðum að nýta sér glufur í kerfinu til að skara eld að

eigin köku. Ef slíkur flokkur fengi mikið fylgi, á nákvæmlega þessum forsendum, þá hefur fólkið talað. Siðanefnd gæti í kjölfarið gefið út eitt álit á dag til fordæmingar á hegðun þessara fulltrúa, en álitin hefðu enga þýðingu. Nefndin trompar aldrei lýðræðið. Það er gagnvart kjósendum, en ekki nefndinni, sem þingmenn svara fyrir gjörðir sínar.

Hvað Sand varðar

Vikur þá sögunni að Sand. Ég vil meina að þessi alla jafna góðlegi maður hafi ekki gert gott mót í liðinni viku af svipuðum ástæðum og siðanefnd Alþingis. Hann sneri siðferði á haus. Af fréttum að dæma virðist Jon Ola Sand hafa haft verulegar áhyggjur af Hatara og leitast við að koma í veg fyrir að hljómsveitarmedlimir sýndu heilbrigðan hug sinn til mannréttinda á þessari flugeldasýningu friðar og kærleika. Ef Sand hefur sterka siðferðisvitund, þá ætti hann að vera heima hjá sér núna að hugsa þetta: Hvað var ég að spá?

Ætti ekki veröldin að vera frekar svona: Ef þjóð ætlar að fara með hernaði gegn annarri þjóð og varpa jafnvel sprengjum á börn, er þá hægt að bjóða listafólki með einhverja samvisku upp á það að grjóthalda kjafti og syngja bara um ást og frið í slíku landi? Hvorki Sand né siðanefnd getur fyrirskipað frið, ef friður ríkir ekki. Það verður ekki komist hjá gagnrýni, hefði Sand átt að segja við Ísrael. Og siðanefndin við Ásmund. Þið verðið að feisa gjörðir ykkar. Þannig er lífið.

www.renault.is



RENAULT
Passion for life

Sparneytnir sportjeppar Óvenju ríkulegur staðalbúnaður og nýjasta tækni



Renault Captur
Verð: **3.650.000 kr.**

Dísil, sjálfskiptur.
Eldsneytisnotkun 3,8 l/100 km.*

47.428 kr. á mán. m.v. 20% útborgun**



Renault Kadjar
Verð: **4.690.000 kr.**

Bensín, sjálfskiptur.
Eldsneytisnotkun 5,6 l/100 km.*

60.897 kr. á mán. m.v. 20% útborgun**



Renault Koleos
Verð: **6.250.000 kr.**

Dísil, sjálfskiptur, 4wd.
Eldsneytisnotkun 5,8 l/100 km.*

81.099 kr. á mán. m.v. 20% útborgun**

**Mánaðarlegar afborganir af bílaláni í 84 mánuði samkvæmt fjármögununarrækkivél á Lykill.is. Árleg hlutfallstala kostnaðar 10,03%. Verð og afborganir geta breyst á fyrirliggjandi tíðum. Nánari upplýsingar á www.lykill.is.

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





Ekki spila með fram tíðina okkar

Við styðjum áframhaldandi aðild Íslands að EES-
samningnum. Við viljum frjálst, opið og alþjóðlegt
samfélag og stöndum saman gegn einangrunarhyggju.

Birting þessarar auglýsingar er kostuð af fólkinu á myndunum.



Selfoss getur orðið meistari á miðvikudaginn



Selfoss hafði betur þegar liðið mætti Haukum í þriðja leik liðanna í baráttunni um Íslandsmeistaratitilinn í handbolta karla í Schenker-höllinni í gærkvöldi. Selfoss er nú 2-1 yfir í einvignu og getur orðið Íslandsmeistari í fyrsta skipti í sögu félagsins á miðvikudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARD

Nýjast

Olisdeild karla



Haukar - Selfoss 30-32

Haukar: Brynjólfur Snær Brynjólfsson 7, Adam Haukur Baumruk 6, Orri Freyr Þorkelsson 5, Heimir Óli Heimisson 4, Tjörvi Þorgeirsson 4, Daniel Þór Ingason 3, Ásgeir Örn Hallgrímsson 1.

Selfoss: Atli Æ. Ingólfsson 10, Elvar Ö. Jónsson 6, Hergeir Grímsson 5, Haukur Þrastarson 4, Árni S. Steinþórsson 2, Guðjón Baldur Ómarsson 2, Alexander Már Egan 1, Nökkvi Dan Elliðason 1, Guðni Ingvarsson 1.

Staðan í rímmunni um Íslandsmeistaratitilinn í handbolta karla er 2-1 Selfossi í vil. Liðin mætast í fjórða leik sínum í Hleðsluhöllinni á Selfossi á miðvikudaginn kemur. Þar getur Selfoss orðið Íslandsmeistari.

Pepsi-deild karla



ÍBV - Víkingur 1-1

0-1 Rick Ten Voorde (vitaspyrna) (71.), 1-1 Jonathan Glenn (90.). Rautt spjald: Felix Örn Friðriksson (70.).

Stjarnan - KA 0-2

0-1 Ólafur Aron Pétursson (50.), 0-2 Elfar Árni Aðalsteinsson (55.).

Breiðablik - ÍA 0-1

Einar Logi Einarsson (90.). Umferðinni lýkur með leikjum FH og Vals, KR og HK og Grindavíkur og Fylkis sem fara í kvöld og hefjast allir klukkan 19.15.

Inkasso-deild kvenna

ÍR - Augnablik 0-2

0-1 Melkorka Ingibjörg Pálsdóttir (78.), 0-2 Helga Marie Gunnarsdóttir (81.).

Haukar - Þróttur 1-2

0-1 Linda Líf Boama (13.), 1-1 Sæunn Björnsdóttir (35.), 1-2 Lauren Wade (88.).

Grindavík - Afturelding 2-1

1-0 Birgitta Hallgrímsdóttir (24.), 2-0 Birgitta Hallgrímsdóttir (87.), 2-1 Áslaug Gyða Birgisdóttir (sjálfsmark) (88.).

Fjölnir - ÍA 1-3

0-1 Erla Karitas Jóhannesdóttir (60.), 0-2 Ólöf Sigríður Kristinsdóttir (64.), 1-2 Hjördis Erla Björnsdóttir (78.), 1-3 Veronica Líf Þórðardóttir (90.).

Tindastóll - FH 4-6

1-0 Jacqueline Altschuld (13.), 1-1 Nótt Jónsdóttir (18.), 2-1 Murielle Tiernan (21.), 3-1 Guðrún Jenný Ágústsdóttir (24.), 3-2 Helena Ósk Hálfánardóttir (35.), 3-3 Nótt Jónsd. (47.), 3-4 Nótt Jónsd. (64.), 3-5 Helena Ósk (72.), 3-6 Margrét Sif Magnúsdóttir (76.) 4-6 Vigdis Edda Friðriksdóttir (85.).

Efri	Neðri
Þróttur 6	Grindavík 3
Augnablik 6	Afturelding 1
FH 4	Fjölnir 1
ÍA 4	Haukar 0
Tindastóll 3	ÍR 0

Ólafía á leið á LPGA-mót

GOLF Ólafía Þórunn Kristinsdóttir, atvinnukylfingur úr GR, hefur fengið boð um að leika á Pure Silk Championship mótiinu í golfi.

Mótið er hluti af LPGA-mótaröðinni en Ólafía Þórunn er ekki með fullan keppnisrétt á mótaröðinni á þessu keppnistímabili. Mótið fer fram dagana 23.-26. maí.

Ólafía hefur tekið þátt í sex mótum á Symetra-mótaröðinni þeirri næststerkustu í Bandaríkjunum á þessari leiktíð. Þetta verður fyrsta LPGA-mótið sem hún tekur þátt í á þessu tímabili.

Ólafía mun því leika á tveimur LPGA-mótum í röð en hún öðlaðist þátttökurétt á opna bandaríska meistaramótiinu fyrr í sumar en opna bandaríska fer fram dagana 30. maí til 2. júní. – hó



Anton Sveinn stóð sig vel í Bandaríkjunum um helgina. NORDICPHOTOS/GETTY

Anton Sveinn mun synda á HM í Suður-Kóreu

SUND Sundmaðurinn Anton Sveinn McKee keppti um helgina í þremur greinum, 50, 100 og 200 metra bringusundi á TYR Pro Swim Series mótiinu sem fram fór í Bloomington í Indiana í Bandaríkjunum.

Anton Sveinn náði mjög góðum árangri á mótiinu en hann synti sig inn á HM í 50 metra laug sem haldið verður í Gwangju í Suður-Kóreu í lok júní. Anton Sveinn synti á tímanum 27,73 sekúndum í 50 metra bringusundi en þar með

bætti hann tíu ára gamalt Íslandsmet Jakobs Jóhanns Sveinssonar. Anton hafnaði svo í þriðja sæti í 100 metra bringusundi en hann synti á tímanum 1:00,62 og var nálægt Íslandsmeti sínu í greininni. Bláðið var farið í prentun áður en hann synti 200 metrana á mótiinu

Næsta verkefni Antons er þátttaka hans með íslenska liðinu á Smáþjóðleikunum sem haldnir verða í Svartfjallalandi um næstkomandi mánaðamót. – hó



Aðalfundur

Aðalfundur stuðningsmannaklúbbs Manchester United á Íslandi verður haldinn fimmtudaginn 30. Maí kl. 17:00 Fundurinn fer fram á Ölver Sportbar Glæsibæ Atkvæðarétt á aðalfundi hafa þeir sem greitt hafa ársgjaldið 2018 - 2019.

Dagskrá

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Kosning stjórnarmanna
6. Önnur mál

Stjórnin

 **HONDA**

RÚMGÓÐUR OG
FJÖLSKYLDUVÆNN
CIVIC



HONDA CIVIC
FRÁ KR. 3.290.000
SJÁLFSKIPTUR

Opið laugardaga milli kl. 12:00 og 16:00



HONDA

Bernhard - Honda á Íslandi • Vatnagörðum 24 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.honda.is

Umboðsaðilar: Bílver, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

Sigvaldi og Þráinn norskir meistarar

HANDBOLTI Elverum varð í gærkvöldi norskur meistari í handbolta karla en með liðinu leika Íslendingarnir Sigvaldi Björn Guðjónsson og Þráinn Orri Jónsson.

Elverum bar sigur úr þytum gegn Arendal 31-28 í þriðja úrslitaleik liðanna og Elverum bar þar af leiðandi sigurorð í einviginu 3-0. Elverum mun því verða fulltrúi Noregs í forkeppni Meistaradeildar Evrópu á næsta keppnistímabili.

Sigvaldi Björn var markahæstur í liði Elverum í leiknum en hann skoraði átta mörk í níu skottilraunum sínum.

Þráinn Orri Jónsson sem var að leika sinn síðasta leik fyrir Elverum og mun að öllum líkindum leika á Íslandi á næstu leiktíð náði hins vegar ekki að komast á blað. – hó



Daniel Þór Ingason mun leika í Danmörku á næsta keppnistímabili.

Daniel Þór til Ribe-Esbjerg

HANDBOLTI Daniel Þór Ingason, leikmaður karlaliðs Hauka í handbolta og landsliðsmaður, hefur gert þriggja ára samning við danska úrvaldsdeildarliðið Ribe-Esbjerg.

Þetta kemur fram í tilkynningu á heimasíðu félagsins en Daniel Þór verður liðsfélagi Rúnars Kárasonar sem gekk til liðs við félagið fyrir keppnistímabilið.

„Mér fannst þetta vera rétti tímupunkturinn til þess að takast á við nýja áskorun á ferli mínum eftir að hafa leikið nokkur tímabil heima. Ribe-Esbjerg er félag með mikinn metnað og forráðamenn félagsins sýndu mér mikinn áhuga. Þess vegna ákvað ég að ganga til liðs við félagið,“ segir Daniel meðal annars um vistaskiptin í samtali við heimasíðu félagsins.

Þessi 23 ára gamla skytta og varnarmaður hefur verið í lykhlutverki hjá Haukum síðustu ár en liðið er ríkjandi deildarlestari og leikur þessa dagana til úrslita á Íslandsmótinu við Selfoss. – hó

Guðjón áfram í öðru sæti

FÓTBOLTI Lærisveinar Guðjóns Þórðarsonar og Heimis Guðjónsson unnu báðir sigra þegar liðin léku í færeysku úrvaldsdeildinni í knattspyrnu karla í gær.

Þá hafa leikmenn á borð við Kolbein Þórðarson, Höskuld Gunnlaugsson og Aron Bjarnason séð til þess að liðið saknar ekki þeirra fjölmörgu leikmana sem hurfu á braut frá Kópavogslíðinu í vetur. Guðjón Pétur Lýðsson hefur svo staðið sig vel í því að tengja saman miðjuspil og sóknarleik liðsins.

Skagamenn tóku svo gott gengi liðsins frá undirbúningstímabilinu og nýliðarnir hafa byrjað mótið af miklum krafti. Liðið er massíft og gríðarleg liðsheild einkennir liðið. Liðið samanstendur mestmegnis af uppöldum Skagamönnum í bland við leikmenn sem hershöfðingjarnir Jóhannes Karl Guðjónsson og Sigurður Jónsson hafa valið af kostgæfni og smellpassa inn í liðið.

Árni Snær Ólafsson leikur eins og leikstjórnandi í amerísku ruðningsliði í marki Skagamanna og þegar andstæðingar liðsins missa boltann er líkt og handboltalið hafi misst boltann og leikmenn ÍA útfæra skyndisóknir sínar eins og góð hraðaupphlaup í handbolta.

Hornspyrnur Tryggva Hrafn Haraldssonar, sem kom til liðsins frá Halmstad í vetur, eru stórhættulegar. Óttar Bjarni Guðmundsson hefur fundið markaskó og Hörður Ingi Gunnarsson getur svo valdið usla bæði með skotum



Skagamenn höfðu betur þegar liðið sótti Breiðablik heim í toppslag deildarinnar í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARD

» ÍA trónir á toppi Pepsi Max-deildar karla í knattspyrnu og ÍBV og Víkingur eiga enn eftir að vinna sigur.

sínun og fyrirgjöfum utan af velli og með löngum innköstum sínum.

Það ganga allir í takt hjá Skagalíðinu og það er einkar erfitt að brjóta liðið á bak aftur. Þegar andstæðingar liðsins tapa boltanum eftir vel útfærða pressu liðsins er svo vodinn vís eins og áður segir. Skagamenn dreymir um það að koma liðinu aftur í fremstu röð og það lítur út fyrir að liðið muni annaðhvort berjast um Íslandsmeistarátitilinn eða Evrópusæti lið minnsta fram á næsta haust.

Framherjar deildarinnar þurfa

að rífa sig upp en fimm leikmenn eru markahæstir með þrjú mörk hver. Af þeim er einungis einn hreinræktaður framherji. Nikolaj Hansen sem hefur skorað fimm mörk fyrir ungt, vel spilandi og skemmtilegt lið Vikings. Hinir eru Halldór Orri Björnsson sem hefur leikið sem framherji í hjáverkum fyrir FH, Hilmar Árni Halldórsson, sóknartengiliður Stjörunnar, Hallgrímur Mar Steingrímsson, kantmaður KA-manna, og tæður Kolbeinn, miðvallarleikmaður Breiðabliks. -hjórvoro@frettabladid.is

Lyon ennþá með langbesta lið Evrópu

FÓTBOLTI Lyon sýndi á laugardaginn að liðið er í öðrum gæðaflokki en önnur lið í Evrópu í kvennaflokki í knattspyrnu þessa stundina en liðið valtaði yfir Barcelona í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu kvenna. Lokatölur í leiknum sem fram fór í Búdapest í Ungverjalandi að þessu sinni urðu 4-1 Lyon í vil.

Franska liðið var mun sterkari aðilinn allt frá upphafi leiksins en staðan var 4-0 Lyon í vil þegar liðin gengu til búningsherbergja sinna í hálfleik. Norski framherjinn Ada Hegerberg, sem valin var besti leikmaður heims árið 2018, sýndi, í þessum leik, það svart á hvítu hvers vegna hún hlaut þá nafnbót.

Eftir að þýska landsliðskonan Dzenifer Marozsan kom Lyon yfir, bætti Hegerberg þremur mörkum við. Lyon slakaði aðeins á klónni í seinni hálfleik og nigeríski landsliðsframherjinn Asisat Lamina Oshoala lagaði stöðuna með sára-



Lisa Weiss, markvörður Lyon, lyftir hér bikarum. NORDICPHOTOS/GETTY

bótarmarki fyrir Barcelona undir lok leiksins.

Lyon er sigursælasta liðið í sögu

keppninnar með titlana sína sex en þýska liðið Frankfurt kemur næst með fjóra Meistaradeildartitla.



Jón Axel Guðmundsson mun taka þátt í nýliðavali NBA í sumar.

Jón Axel æfir með Sacramento

KÖRFUBOLTI Körfuboltamaðurinn Jón Axel Guðmundsson, sem lék einkar vel með liði Davidson-háskólans, Davidson Wildcats, á nýliðinni leiktíð í bandaríska háskólakörfuboltanum mun æfa með NBA-liðinu Sacramento Kings í dag.

Þetta er fyrsta æfingin sem liðið heldur fyrir nýliðavali NBA-deildarinnar en Jón Axel hefur ákveðið að gefa kost á sér í nýliðavaliinu í fyrsta sinn, en nýliðavalið fer fram 20. júní næstkomandi.

Jón Axel var valinn í úrvalsliði Atlantic 10 riðilsins og þá var hann einnig valinn leikmaður ársins í riðlinum. Hann skoraði 17 stig að meðaltali í vetur, tók 7,3 fráköst og gaf fimm stoðsendingar. Þá var hann verðlaunaður sem besti leikmaður í karlaflokki hjá Davidson-háskólanum.

Sacramento Kings endaði í niunda sæti Vesturdeildarinnar í vetur með 39 sigra og 43 töp og missti þar af leiðandi af úrslita-keppni deildarinnar. -hó

Tvíbætti eigið Íslandsmet

LYFTINGAR Kraftlyftingakonan Alexandra Rán Guðnýjardóttir keppti í gær á heimsmeistaramótinu í bekkpressu sem fram fór í Tókýó í Japan um helgina.

Alexandra Rán keppti þar í klassískri bekkpressu í -57kg flokki unglunga en hún lyfti 67,5 kg í fyrstu lyftu og í annarri lyftu lyfti hún síðan 72,5 kílóum.

Hún bætti þar með sinn besta árangur um 2,5 kg og í leiðinni Íslandsmetið um sömu þyngd.

Í þriðju lyftu lyfti Alexandra 75 kílóum og bætti þar með eigið Íslandsmet enn frekar. Þriðja lyftan tryggði henni svo bronsverðlaun á mótinu. -hó

Kiel vann EHF-bikarinn

HANDBOLTI Kiel vann sinn annan titil á keppnistímabilinu þegar liðið vann Fuchse Berlin 26-22 í úrslitaleik EHF-bikarsins í handbolta karla á laugardagskvöldið.

Áður höfðu lærisevinnar Alfreds Gíslasonar hjá Kiel tryggt sér bikarmeistarátitilinn og þessir tveir titlar voru númer 17 og 18 í stjórnartíð Alfreds hjá liðinu.

Alfred, sem tók við Kiel árið 2008, mun hætta störfum eftir að yfirstandandi leiktíð lýkur en Kiel er enn í toppbaráttu þýsku efstu deildarinnar og Alfred á möguleika á að kveðja sem þrefaldur meistari.

Gísli Þorgeir Kristjánsson lék ekki með Kiel vegna meiðsla. Bjarki Már Elisson var markahæstur hjá Fuchse Berlin með sex mörk en Berlinarrefirnir höfðu titil að verja í þessum leik. -hó



TÍMAMÓT

Merkisatburðir

1883 Gos hefst í Krakatá. Sprengigoss hefst þremur mánuðum seinna sem kostaði 36 þúsund manns lífið.

1902 Yfirráðum Bandaríkjanna yfir Kúbu lauk.




1932 Amelia Earhart flýgur frá Nýfundnalandi til Írlands og var þar með fyrsta konan til að fljúga yfir Atlantshafið.

1940 Fyrstu fangarnir eru fluttir í útrýmingarbúðirnar í Auschwitz.

1944 Þjóðaratkvæðagreiðsla um lýðveldisstofnun Íslands hófst og stóð í fjóra daga.

1964 Vísindamennirnir Robert Woodrow Wilson og Arno Penzias uppgötva **örbylgjukliðinn**. Hann er merki um alheiminn eins og hann var stuttu eftir Miklahvell.



1980 Íbúar í Quebec hafna því í atkvæðagreiðslu að héraðið slíti sig frá Kanada og lýsi yfir sjálfstæði. Sextíu prósent sögðu nei.

1983 Vísindagrein birt í Science þar sem greint er frá uppgötvun HIV-veirunnar og tengsla hennar við AIDS.



2006 Finnsla hljómsveitin **Lordi** sigraði í Eurovision keppninni og fékk 292 stig sem var met á þeim tíma.

2012 Að minnsta kosti 27 farast og 50 aðrir særðust þegar öflugur jarðskjálfti reið yfir norðurhluta Ítalíu.



Blómsveigur var lagður að minnisvarða Bjarna Pálssonar við Nesstofu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

Minntust 300 ára afmælis Bjarna Pálssonar

Þrjú hundruð áru eru liðin frá fæðingu Bjarna Pálssonar. Bjarni var fyrstur manna til að gegna embætti landlæknis hér á landi og sáði í embættistíð sinni fræjum sem síðar áttu eftir að verða hin íslenska heilbrigðisþjónusta.

Þess var minnst um helgina að um þessar mundir eru 300 ár frá fæðingu Bjarna Pálssonar. Bjarni var læknir og náttúrufræðingur, en er fyrst og fremst minnst sem fyrsta landlæknis Íslands.

Bjarni var skipaður í embætti landlæknis 18. mars 1760. Formleg læknisþjónusta á Íslandi á þessum tíma var af skornum skammti og Bjarni tók að sér það mikla verk að mennta lækna og útskrifa, hafa umsjón með lyfsölu og annast sóttvarnir og heilsugæslu Íslendinga

allra. „Þetta var mikið verkefni fyrir einn mann í strjálbýlu landi sem var erfitt yfirferðar með óbrúaðar ár,“ ritaði Kolbrún S. Ingólfssdóttir í sögulegri yfirlitgrein sinni um landlækna fyrri tíma í Læknablaðið árið 2003. Upphaf íslenskrar læknastéttar má rekja til Bjarna og segja má að hann hafi sáð fræjum þess heilbrigðiskerfis sem Íslendingar þekkja í dag. Bjarni þótt með eindæmum ótull maður og metnaðarfullur.

Bjarni lærði í Danmörku og þótti mikið efni. Hann fór í margar ferðir til Íslands ásamt Eggert Ólafssyni til að safna náttúrugripum og handritum. Í einni slíkri ferð, árið 1756, rannsakaði Bjarni sárásótt sem hafði blossað upp í verksmiðju í Reykjavík. Guðmundur Magnússon, prófessor og ritstjóri Læknablaðsins árið 1919, rifjaði upp ummæli Bjarna við amtmanntil verksmiðjunni um að taka þyrfti alvarlega í strenginn til að koma í veg fyrir að sjúkdómurinn röt-festist ekki í landinu til óbætandi skaða og hneisu. „Menn létu sér fátt um finnast, og varð sjúkdóminum ekki útrýmt fyrr en hann [Bjarni] var orðinn landlæknir,“ ritaði Guðmundur. Skrif sín byggði Guð-

mundur á ævisögu Bjarna sem Sveinn Pálsson ritaði og gaf út árið 1800.

Guðmundur segir í grein sinni, sem rituð var þegar 200 ár voru liðin frá fæðingu Bjarna, að þessi fyrsti landlæknir Íslands hafi haft ríkan áhuga á því að hefja hér land og lýð.

Eins og áður segir var Bjarna falið að kenna læknaefnum og útskrifa en biskupar vildu jafnframt að hann tæki að sér að kenna prestum og gera þá að læknum. „Bjarni afsagði það,“ ritaði Guðmundur. „[Bjarni] vildi koma upp vel lærðum læknum en ekki skottulæknum!“

Á meðal þess sem Bjarni barðist fyrir var að mennta yfirsetukonur og útvega þeim laun og að hér yrði byggður landsspítali en kom því ekki fram „öllum landsvinum til hrellingar“.

Bjarni lést 8. september árið 1779. Kona hans og börn stóðu félaus uppi, því skuldlausar eignir voru 111 ríkisdalir: „Þetta var kaupíð fyrir æfistaríð!“ ritaði Guðmundur.

Blómsveigur var lagður á minnisvarða um Bjarna við Nesstofu í gær en þar settist hann að þegar hann tók fyrstur manna við embætti landlæknis. – **khn**



Ástkær eiginkona mín,
móðir, amma, langamma og systir,
Þórhalla Sveinsdóttir
Fífuhammi 15,

lést 8. maí á hjúkrunarheimilinu
Sunnuhlíð í Kópavogi. Útförin fer fram
frá Digraneskirkju þann 21. maí kl. 13.00.

Jón Kristinsson
Ragnhildur Jónsdóttir
Sigríður Haraldsdóttir
Brynhildur Jónsdóttir
Magnús Halldórsson
ömmubörn, langömmubörn og systkini.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
Sigurlaug R. Lindal
Karlsdóttir
(Gógó)

Hringbraut 2b, Hafnarfirði,
lést 15. maí. Útför fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju
föstudaginn 24. maí kl. 13.00.

Kristín Lindal Hafsteinsd.
Karlotta Lindal Hafsteinsd.
Guðmundur Örn Jónsson
Guðbjörg Lindal Jónsd.
Grétar Jónsson
Rúnar Haraldur Jónsson
Hörður Oddgeirsson
Sigurður Friðfinnsson
Hallgrímur Atlason
Þórlaug Steingrimsdóttir



Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,
Brynja Unnur Magnúsdóttir
frá Súgandafirði,

lést á heimili sínu í Kópavogi
laugardaginn 11. maí. Útförin fer fram frá
Háteigskirkju þriðjudaginn 21. maí kl. 13.

Magnús B. Erlingsson
Þorsteinn Erlingsson
Hjálmar Erlingsson
Unnur Sig. Erlingsdóttir
Kristín Guðmundsdóttir
Elin Anita Nilsen
Scarlet Cunillera
Einar Sigurðsson
barnabörn og barnabarnabörn.




Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
Margeir Ingólfsson
húsasmíðameistari,
Maltakri 7, Garðabæ,

lést föstudaginn 10. maí síðastliðinn.
Útför fer fram frá Garðakirkju, Garðabæ,
fimmtudaginn 23. maí kl. 15.00.

Ingólfur Steinar Margeirsson
Gyða Hafdis Margeirsdóttir
Erla Margrét Margeirsdóttir
Linda Húmdís Hafsteinsd.
Páll Árnason
barnabörn og barnabarnabörn.

HLAÐVARPIÐ

Hlaðvarpið á frettabladid.is er nýjung þar sem boðið verður upp á skemmtileg og fræðandi hlaðvörp um hin ýmsu málefni.



Hlaðvarpið á frettabladid.is
hlustaðu þegar þér hentar



((•)) Krúnuvarpið



((•)) Lifum lengur



((•)) Hismið



Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook og Instagram

FRETTABLADID.IS

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Mánudagur

Reykjavík



11°C / 2°C

Egilsstaðir



5°C / 3°C

Ísafjörður



4°C / 7°C

Kirkjubæjarkl



8°C / 2°C

Akureyri



9°C / 3°C

Hveravellir



9°C / 1°C

Norðaustlæg átt 5-10 m/s, en heldur hvasara norðvestan til. Skýjað á landinu og víða dálítill rigning eða súl. Áfram þungrbúið og svolítill væta í flestum landshlutum. Hiti frá 4 stigum á norðausturhorninu, upp í 13 stig á Vesturlandi.

Þriðjudagur

Reykjavík



9°C / 2°C

Egilsstaðir



5°C / 4°C

Ísafjörður



6°C / 1°C

Kirkjubæjarkl



10°C / 3°C

Akureyri



9°C / 4°C

Hveravellir



10°C / 3°C

Miðvikudagur

Reykjavík



9°C / 2°C

Egilsstaðir



5°C / 3°C

Ísafjörður



8°C / 2°C

Kirkjubæjarkl



7°C / 2°C

Akureyri



10°C / 1°C

Hveravellir



11°C / 2°C

LÉTT

			3	6				9
	5		4		9	3		7
			5				6	
6	8				3			5
3				4		9		
9	7	1	6			4		
						1		4
		9		7		2		3
7		2						

MIDLUNGS

2	9		1		6			
1	8		3					6
			4		2		9	
		6		2				
5				1		7		4
			6				2	
8			7			1		
		9	5					
	7	3		4		8		

PUNG

	4				6		2	
	1			4		3		7
		7			3			6
			1					
7	9	5			1		6	
8		3		6	4			
6					9			5
		8				1		
	7				5			3

Krossgáta

LÁRÉTT

- 1. tiund
- 5. sarg
- 6. reyndar
- 8. afgangar
- 10. rómversk tala
- 11. einkar
- 12. matreiða
- 13. óhapp
- 15. gimsteinn
- 17. efni

LÓDRÉTT

- 1. slettast
- 2. smyrsl
- 3. væta
- 4. skýli
- 7. niðurstaða
- 9. svikult
- 12. skynfæri
- 14. skordýr
- 16. tveir eins


1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
			12		
13	14				
15					16
		17			

LÁRÉTT: 1. skatt, 5. urg, 6. júl, 8. leifar, 10. lm, 11. all, 12. eidd, 13. slivs, 15. turlkis, 17. satin, 18. fairsk, 9. fairsk, 12. eyra, 14. lus, 16. ll. LÓDRÉTT: 1. sulias, 2. krem, 3. agl, 4. tjald, 7.

Skák Gunnar Björnsson

Schuk átti leik gegn Hania í Groningen árið 1991.

Hvítur á leik



1. Df3! Dxf3 2. Hh7+ ½-½. Meistaramóti Skákskóla Íslands lauk í gær. Nánar um mótið á skak.is í dag. Fyrstu umferð (16 manna úrslitum) fyrsta Grand Prix-mótsins lauk í gær í Moskvu. Sterkir skákmennt féllu úr leik.

www.skak.is: Meistaramót Skákskólans.

M18 FUEL
M18 FLAG
Aluöru slípirokkur frá Milwaukee

Fyrsti stóri slípirokkurinn knúinn af einni rafhlöðu sem skilar afli til þess að slípa, er léttari en snúrurókkur í sinni stærð. Sveigjanlegt rafhlöðuferfi sem virkar með öllum Milwaukee® M18™ rafhlöðum.

VERKFÆRA SALAN

Verð 136.900 kr. (með rafhlöðu)


7	8	5	2	4	6	3	1	9
2	9	3	1	7	8	5	6	4
6	4	1	5	9	3	7	2	8
3	5	7	8	1	9	6	4	2
4	1	9	3	6	2	8	7	5
8	6	2	7	5	4	9	3	1
5	7	6	4	8	1	2	9	3
9	2	4	6	3	5	1	8	7
1	3	8	9	2	7	4	5	6

8	6	1	3	9	5	4	7	2
7	4	9	2	1	6	5	8	3
3	2	5	7	4	8	9	1	6
5	8	4	6	2	9	7	3	1
6	7	3	4	8	1	2	9	5
9	1	2	5	7	3	6	4	8
1	5	7	8	6	4	3	2	9
2	3	8	9	5	7	1	6	4
4	9	6	1	3	2	8	5	7

8	1	4	9	2	5	3	7	6
5	9	6	1	3	7	2	4	8
2	3	7	8	4	6	5	9	1
6	7	9	2	8	3	4	1	5
3	4	8	7	5	1	9	6	2
1	5	2	4	6	9	8	3	7
9	6	5	3	7	2	1	8	4
7	8	1	5	9	4	6	2	3
4	2	3	6	1	8	7	5	9

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri nju reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Gelgjan



Barnalán



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
holl og góðfæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétta

SKOÐAÐU TILBOÐIN OKKAR Á
ORMSSON.IS

AEG DAGAR

15-20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM AEG VÖRUM ORMSSON



**15%
afsláttur**

AEG ÞVOTTAVÉLAR



**15%
afsláttur**

AEG UPPÞVOTTAVÉLAR



**20%
afsláttur**

AEG HELLUBORÐ



**20%
afsláttur**

AEG VEGGOFNAR



**15%
afsláttur**

AEG ÖRBYLGJUOFNAR



**15%
afsláttur**

AEG ELDAVÉLAR

**AEG
RYKSUGUR**



**15%
afsláttur**



**15%
afsláttur**

**15%
afsláttur**



AEG KÆLISKÁPAR

**15-20%
afsláttur**



SAMSUNG
KÆLISKÁPAR



Opnunartímar:
Virka dag kl. 10-18



ormsson

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Skoðaðu úrvalið okkar á

ORMSSON.IS



*SENDUM UM LAND ALLT



ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

KS
SAUÐÁRKRÓKI
SÍMI 455 4500

SR BYGG
SIGLUFIRÐI
SÍMI 467 1559

ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000

PENNINN
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
VÍK -EGILSSTÖÐUM
SÍMI 4712038

ORMSSON
PAN-NESKAUPSSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160

GEISLI
VESTMANNAEYJUM
SÍMI 481 3333

TÆKNIBORG
BORGARNESI
SÍMI 422 2211

OMNIS
AKRANESI
SÍMI 433 0300



Þessi mynd Kristjóns er frá árinu 1974 og er tekin í fermingarveislu.

Næmt listrænt auga Kristjóns

Ljósmyndir Kristjóns Haraldssonar eru á sýningu í Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Auglýsingaheimur og hversdagsheimur á sama stað.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Sýning á ljósmyndum eftir Kristjón Haraldsson stendur yfir í Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Kristjón vann fyrst og fremst við auglýsingaljósmýndun á áttunda og níunda áratug síðustu aldar. Hann var vel þekktur fyrir tiskuljósmýndir sínar, myndir á plötuumslögum og auglýsingaljósmýndir.

Yfirskrift sýningarinnar er Íslensk kjötsúpa og á henni eru um 80 myndir. Í sýningarsalnum er leitast við að skapa umhverfi og stemningu áttunda áratugarins með húsgögnum frá þeim tíma og þar eru einnig tímarit og fleira sem tengist þessum árum.

Myndir sem voru ekki sýndar
„Stór hluti af sýningunni eru þær



„Ég vildi skapa persónulega nánd við listamanninn,“ segir sýningarstjórinn Daría Sól. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

myndir sem Kristjón tók sem auglýsingaljósmýndari, þarna eru tiskuljósmýndir og myndir af tónlistarmönnum en líka persónulegar myndir sem voru í hans einkaeign og sýna hversu næmt listrænt auga hann hafði,“ segir sýningarstjórinn Daría Sól Andrews. „Ég rakst á persónulegu myndirnar hans þegar ég var að fara í gegnum safneignina. Ég sá strax að ég vildi vinna með þær. Ég frétti seinna að Kristjón hefði ekki verið að sýna neinum þær heldur hélt þeim fyrir sig. Myndirnar eru af fjölskyldu hans og fólki í miðbænum og sýna hversdagslegt líf á áttunda áratug síðustu aldar. Þetta eru afar áhugaverðar myndir og öll eigum við auðvelt með að tengja við hversdagsmyndir sama á hvaða áratug við lifum.“

Samtal ólíkra mynda

Það eru einmitt þessar myndir sem blasa við áhorfandanum þegar hann gengur inn í sýningarsalinn. „Það er viljandi gert, ég vildi skapa persónulega nánd við listamanninn með því að láta þessar myndir vera það fyrsta sem áhorfandinn sæi“ segir Daría Sól. „Þeir sem þekkja til Kristjóns sem ljósmyndara þekkja hann sem auglýsingaljósmýndara og sjálfur leit hann fremur á sig sem slíkan en sem listamann.“

Myndunum af hversdagslífi fólks vildi ég stilla upp í samhengi við auglýsingamyndirnar sem eðlis síns vegna eru sviðsettar og sýna ákveðna Útöpiu, lífsstíl sem svo margir elta við. Það myndast áhugavert samtal milli þessara ólíku mynda sem sýna líka hversu

afkastamikill Kristjón var. Einn þáttur í þessari sýningu er að hleypa fólki á bak við tjöldin í auglýsingagerð og sýna ferlið við gerð auglýsingaljósmýnda og markaðsmynda. Margar myndanna á þessari sýningu voru teknar í auglýsingastúdíói Kristjóns, Stúdíó 28. Við sýnum allt ferlið frá upphafi til enda. Fyrst kviknar hugmynd að auglýsingu og er teiknuð á blað, síðan er auglýsingin sett saman, ljósmynd verður til og síðan er hún prentuð í tiskublaði.“

Spurð um heiti sýningarinnar, Íslensk kjötsúpa, segir Daría Sól: „Íslensk kjötsúpa er titill frægrar plötu frá þessum árum en Kristjón tók myndina sem prýðir plötuumslagið. Okkur fannst þetta heiti hæfa sýningunni vel.“

Styrkir til verka um umhverfisvernd, jarðskjálfta, dagbókarskrif og fleira

Miðstöð íslenskra bókmennta úthlutaði nýlega styrkjum til útgáfu og miðlunar íslenskra ritverka sem hafa menningarlegt og þekkingarfræðilegt gildi. Verkin sem hlutu styrki að þessu sinni eru af ýmsum toga; fræðirit, handbækur, skáldverk og heimildarit um náttúru Íslands, menningu, tungu, listir og fleira.

Meðal þeirra verka sem hlutu styrk í ár eru Reykholt í ljósi fornlifanna eftir Guðrúnu Sveinbjarnardóttur, bókin Daginn út og daginn inn sem fjallar um dagbókarskrif íslenskrar alþýðu á 18.,

19. og 20. öld eftir Davíð Ólafsson, Lífgrös og leyndir dómur eftir Ólinu Þorvarðardóttur og Smásögur heimsins IV – Afríka en ritstjórar verksins eru Kristín Guðrún Jónsdóttir, Jón Karl Helgason og Rúnar Helgi Vignisson.

Vatnaleiðin eftir Óskar Árna Óskarsson og Einar Fal Ingólfsson hlaut einnig styrk, sömuleiðis verk um listakonuna Huldu Hákon í ritstjórn Hörpu Þórsdóttur og Um tímann og vatnið eftir Andra Snæ Magnason sem fjallar um umhverfismál þar sem vatn gegnir lykilhlutverki.

Einnig skal nefna Fjörmeti –

tínsla, verkun og matreiðsla matþörunga eftir Eyðísi Mary Jónsdóttur, Silju Dögg Gunnarsdóttur og Hinrik Carl Ellertsson, Sumardvöl barna í sveit, bindi I og II í ritstjórn Jóninu Einarsdóttur, Að segja fyrir um jarðskjálfta eftir Ragnar Stefánsson, Nauðsynja- og þjóðþrifamál. Saga Heimilisiðnaðarfélag Íslands 1913-2013 eftir Áslaugu Sverrisdóttur, Áhrif frá Bretlands-eyjum – Mannvirki á Íslandi eftir Dennis Davíð Jóhannesson og Hjördísi Sigurgísladóttur og Raf-ræn þýsk orðabók, ritstjórar Þórdís Úlfarsdóttir og Halldóra Jónsdóttir.



Andri Snær Magnason skrifar um umhverfismál í bók sem er væntanleg. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Haltu kjafti og vertu sæt

TÓNLIST

Sinfóniutónleikar



Verk eftir Chabrier, Brahms og Farrenc. Sinfóniuhljómsveit Íslands lék. Einleikarar: Ari Þór Vilhjálmsson og Sigurgeir Agnarsson. Stjórnandi: Bjarni Frimann Bjarnason.

Eldborg í Hörpu

fimmtudaginn 16. maí

Farsímar á sinfóniutónleikum eru plága. Á tónleikunum í þar síðustu viku var m.a. á efnisskránni pianó-konsertinn eftir Grieg. Á viðkvæmum stað í hæga, rólega kaflanum, hringdi sími. Hástemmdur náttúru-seiðurinn í tónlistinni var þar með ónýtur. Svo vildi til að Bjarni Frimann Bjarnason hljómsveitarstjóri var meðal gesta og sat fyrir framan undirritaðan. Hann kipptist auðsjáanlega til.

Atvikið sat greinilega í honum, því áður en hann sjálfur hóf upp tónsprotann á tónleikunum síðastliðinn fimmtudag, ávarpaði hann tónleikagesti með nokkrum þjósti. Hann minni þá á að slökkva á simunum og var svo hvass að allnokkrir áheyrendur drógu upp símana sína í dauðans ofboði og fullvissuðu sig um að allt væri í lagi. Þetta svínvirk-aði og maður gat notið tónleikanna í friði og spekt.

Konur sem þóttust vera karlar

Efnisskráin var óvanaleg, því annað aðalverkið var sinfónía nr. 3 eftir Louise Farrenc, sem var kona. Nú kann einhver að hvá og segja: Og hvað með það? En Farrenc var ekki



Ari og Sigurgeir fóru á kostum.

bara kona, heldur kona á 19. öldinni. Á þeim tíma var almennt litið niður á konur sem tónskáld. Þær áttu bara að halda kjafti og vera sætar. Kventónskáld sem ætluðu sér eitthvað þóttust því stundum vera karlar.

Farrenc var þó með bein í nefinu og naut talsverðrar virðingar á meðan hún lifði. Gaman er að verið sé að dusta rykið af tónlist hennar, en fyrir nokkru var flutt verk eftir hana í Kammermúsikklúbnum sem hljómaði ágætlega. Sinfónían sem hér var leikin var líka frábær! Hún var einstaklega glæsileg, í senn faguð og fjörmikil, með safaríkum laglínunum og spennandi atburðarás. Bjarni Frimann hafði rétta tilfinningu fyrir tónlistinni, túlkun hljómsveitarinnar undir stjórn hans var djörf og tilfinningaþrungin. Tæknileg atriði í samspili voru lýtalaus, meira að segja þegar strengjaleikararnir spiluðu á ofurhraða. Í það heila var tónlistin svo flott að mann langaði strax til að heyra hana aftur.

Andlaus konsert

Hinn aðalrétturinn á seðlinum var ekki nærri því eins skemmtilegur, konsert fyrir fiðlu og selló eftir

Brahms. Tónskáldið samdi vissulega magnaða einleikskonserta, en þessi stendur hinum langt að baki. Sagt er að Brahms hafi verið geðvont gamalmenni og það heyrir hér. Laglínurnar eru þurrlegar og framvindan máttlaus. Þetta er tónlist sem hefur engan tilgang. Einleikurinn kom samt vel út, en hann var í höndunum á Ara Þór Vilhjálmssyni fiðluleikara og Sigurgeiri Agnarssyni sellóleikara. Ari Þór var reyndar feimnislegur til að byrja með, leikur hans var dálítið mjór og varfærnislegur. En svo hrökk hann í girinn og var þá með sitt á hreinu. Sigurgeir var hins vegar pottþéttur allan tímann, spilaði af andrúki og með sannfærandi tilþrifum.

Tvær minni tónsmíðar voru einnig á efnisskránni, Akademiskur hátíðarforleikur eftir Brahms og España eftir Chabrier. Þær voru í senn hugljúfar og snarpar með innblásnum laglínunum sem voru ágætlega útfærðar af mismunandi hljóðfærahópum. Báðar hljómuðu þrýðilega, ekki sist vegna þess að aldrei hringdi sími, sem betur fer. **Jónas Sen**

NIÐURSTADA: Hljómsveit og einleikarar fóru á kostum.

Er ferðavagninn rafmagnslaus?

Veldu öruggt start með TUDOR

Frístunda rafgeymar í miklu úrvali, AGM þurr rafgeymar eða lokaðir sýrurafgeymar.

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR TUDOR

Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS

HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19


NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

Girl (ENG SUB)	17:45	BlacKkKlansman (ENGLISH NO SUB)	21:00
Að sjá hið ósýnilega (ICELANDIC)	18:00	Yuli-Carlos Acosta Story (ENG SUB)	22:00
The House That Jack Built (ICE SUB)	18:00	Lords of Chaos (ICE SUB)	22:20
Lords of Chaos (ICE SUB)	20:00		



Iðnaðarhúsnæði TIL SÖLU EÐA LEIGU, staðsett á Ásbrú í Reykjanesbæ.

GETUR VERIÐ LAUS FLJÓTLEGA



Til sölu 600 m² húsnæði sem skiptist í 400 m² sal og ca. 200 m² skrifstofuhúsnæði. Kaupverð 49.900.000 kr

Einnig kemur til greina að leigja aðeins salinn sem er 400 m² með stórri innkeyrsluhurð. Leiguverð 400.000 kr

Upplýsingar hjá M2 fasteignasölu
421-8787 eða 693-2080

M2 FASTEIGNASALA



Mánudagur

FRAMTÍÐ ÚTVARPS

MÁLÞING UM TÆKNI, TUNGU OG NÝJAR MIÐLUNARLEIÐIR

Fimmtudaginn 23. maí kl. 15-17

í aðalmyndveri RÚV, Útvarpshúsinu við Efstaleiti

Hvernig verður útvarp framtíðarinnar? Á tæknin eftir að breyta því hvernig við hlustum og tölum við íslensku við tækin okkar? Hvað einkennir gott hlaðvarp?

Erlendir sérfræðingar greina frá reynslu sinni af raddstýringu og nýjum miðlunarleiðum og nokkrar af skærustu hlaðvarpsstjörnum Íslands ræða hlaðvarp. Við bjóðum alla hjartanlega velkomna til samtals um framtíð útvarps.

Fundurinn verður í beinni á RÚV.is

Nánari upplýsingar og skráning á ruv.is

Dagskrá

15:00 Setning

Lilja Dögg Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra ávarpar gesti.

15:10 Framtíð útvarps er björt

Magnús Geir Þórðarson útvarpsstjóri.

15:20 Gullöld hljóðvarps

Thomas Hjelm yfirmaður stafrænna miðla hjá NPR.
Thomas Hjelm og Freyr Eyjólfsson fjölmiðlamaður ræðast við.

15:45 Ný tækni og staða íslensku í stafrænum heimi

Guðmundur Hafsteinsson frumkvöðull og fyrrverandi þróunarstjóri hjá Google.
Jón Páll Leifsson kynnir nýtt app, Brodda.

16:10 Nýjar miðlunarleiðir efla útvarp og fréttir

Joel Westerholm sérfræðingur hjá fréttastofu SR.
Joel Westerholm og Rakel Þorbergsdóttir fréttastjóri RÚV ræðast við.

16:35 Hvað er eiginlega með öll þessi hlaðvörp?

Vera Illugadóttir, Snæros Sindradóttir og Hjörvar Hafliðason.

16:50 Framtíðin gerð upp

Auður Jónsdóttir og Jónas Sig.

Fundarstjóri: Baldvin Þór Bergsson



sverigesradio



RÚV SJÓNVARP

13.00 Útsvar 2014-2015 Garðabær - Akureyri
14.05 92 á stöðinni Skemmtiþættir frá 1992 þar sem Spaugstofumenn fást við fréttir líðandi stundar. Spaugstofuna skipa: Karl Ágúst Úlfsson, Pálmi Gestsson, Randver Þorláksson, Sigurður Sigurjónsson og Örn Árnason. Dagskrárgerð: Kristín Erna Arnardóttir. e.

14.30 Maður er nefndur Hjalti Einarsson Í þessum þætti ræðir Hannes Hólmsteinn Gissurarson við Hjalta Einarsson efnaverkerfræðing. Hjalti segir frá ætt sinni og uppruna og frá uppveiti sínum í Bolungarvík. Hann segir frá föður sínum, athafnamanninum Einari Guðfínssyni. Hjalti talar um skólagöngu sína og segir frá starfsferli sínum. Hann ræðir um starf sitt hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna en hjá Sölumiðstöðinni átti Hjalti þátt í margvíslegum tilraunum og þróun í veiðum og vinnslu nýrra nytjategunda. Dagskrárgerð: Ásgrímur Sverrisson.

15.00 Út og suður
15.25 Af fingrum fram. Friðrik Karlsson

16.05 Hvað höfum við gert?

16.45 Silfríð

17.50 Tánmálsfréttir

18.00 KrakkaRÚV

18.01 Lalli

18.08 Minnsti maður í heimi

18.09 Simon

18.15 Refurinn Pablo

18.20 Klaufabárðarnir

18.28 Klingjur

18.39 Mói

18.50 Krakkafréttir

19.00 Fréttir

19.25 Íþróttir

19.30 Veður

19.35 Kastljós

19.50 Menningin

20.05 Njósningar í náttúrunni

21.00 Svikamylla

22.00 Tiufréttir

22.15 Veður

22.20 Rómantísku meistaranir.

Tónlistarbylting 19. aldar Bresk heimildarþáttaröð í þremur hlutum þar sem Suzy Klein skoðar þær breytingar sem áttu sér stað á sviði tónlistar á 19. öld og sýnir fram á hvernig tónlistin varð að byltingarkenndum krafti sem hafði áhrif á allan heiminn.

23.20 Hyggjur og hugtök - Þjóðernishyggja Stuttir þættir frá BBC þar sem rithöfundurinn og blaðamaðurinn Owen Jones fræðir okkur um ýmis hugtök sem eru vinsæl í fjölmiðlaumræðu dagsins í dag. e.

23.30 Fjandans hommi Gisle fær hnút í magann þegar kærastinn hans tekur í höndina á honum á almannafæri. Í þessari heimildarþáttaröð frá NRK fer hann um ókunnar slóðir í von um að fá svör við spurningum sínum. Hvers vegna er það enn þá erfitt að vera samkynhneigður í Noregi árið 2017? Og nær Gisle að komast yfir það að skammast sín fyrir að vera „öðruvísi“? e.

23.55 Dagskrárlök

GOLFSTÖÐIN

07.15 PGA Championship
12.15 La Reserva de Sotogrande Invitational
15.15 PGA Championship
20.15 PGA Highlights
21.10 La Reserva de Sotogrande Invitational

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió

FM 89,5 Retro

FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan

FM 93,5 Rás 1

FM 95,7 FM957

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 Dr. Phil
08.45 The Tonight Show
09.30 Síminn + Spotify
12.00 Everybody Loves Raymond
12.20 The King of Queens
12.40 How I Met Your Mother
13.05 Dr. Phil
13.45 Will and Grace
14.10 Crazy Ex-Girlfriend
14.55 90210
16.00 Malcolm in the Middle
16.20 Everybody Loves Raymond
16.45 The King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Tonight Show
19.00 The Late Late Show
19.45 Rel
20.10 Top Chef
21.00 Hawaii Five-0
21.50 Blue Bloods
22.35 Shades of Blue
23.20 The Tonight Show
00.05 The Late Late Show
00.50 NCIS
01.35 NCIS. Los Angeles
02.20 FBI
03.05 Star
03.50 Heathers
04.35 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Flugur Vinsæl lög frá 1969
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Til allra átta. Hunang og blóð
15.00 Fréttir
15.03 Bannárin
16.00 Siðdegisfréttir
16.05Hátalarinn
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Útvarp Krakka RÚV
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.40 Kvöldsgagan. Húsið
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

12.15 All Roads Lead to Rome
13.45 So B. It
15.25 Diary of a Wimpy Kid. Rodrick Rules
17.05 All Roads Lead to Rome
18.40 So B. It
20.20 Diary of a Wimpy Kid. Rodrick Rules
22.00 American Pastoral
23.50 Inferno
01.50 An Ordinary Man
03.20 American Pastoral

STÖÐ 2

07.00 The Simpsons
07.25 Friends
07.45 Gilmore Girls
08.30 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The Goldbergs
10.00 Great News
10.25 Grand Designs. House of the Year
11.15 Landnemarnir
11.55 Lóa Pind. Viltu í alvöru deyja?
12.35 Nágrannar
13.00 The X Factor 2017
14.10 The X Factor 2017
15.25 Maður er manns gaman
15.55 The Big Bang Theory
16.20 Lóa Pind. Bara geðveik
17.00 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Ísland í dag
19.10 Sportpakkinn
19.20 Veður
19.25 The Mindy Project
19.50 My Babies Life. Who Decides?
20.40 Næturgestir
21.05 Game of Thrones
22.30 S.W.A.T.
23.15 60 Minutes
00.00 The Village
00.45 The Enemy Within
01.30 Chernobyl
02.20 Say Her Name. The Life and Death of Sandra Bland
04.00 Nashville
04.45 Nashville
05.30 Nashville

STÖÐ 3

19.10 The Last Man on Earth
19.35 The Simpsons
20.00 Seinfeld
20.25 Friends
20.50 Who Do You Think You Are?
21.35 Claws
22.25 Legends of Tomorrow
23.10 Flash
23.55 Supernatural
00.40 The Last Man on Earth
01.05 Seinfeld
01.30 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

08.10 Haukar - Selfoss. Leikur 3
09.40 Seinni bylgjan
10.10 Goðsagnir - Sigursteinn Gislason
11.00 ÍBV - Víkingur
12.40 Stjarnan - KA
14.20 Breiðablik -ÍA
16.00 Manchester City - Watford
18.00 Ensku bikarmörkin
18.30 Meistaradeild Evrópu - fréttapáttur
18.55 FH - Valur Bein útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
21.15 Pepsi Max Mörk karla
22.40 Lazio - Bologna
00.20 Goals of the Season

STÖÐ 2 SPORT 2

07.05 Eibar - Barcelona
08.45 Real Madrid - Real Betis
10.25 Chievo - Sampdoria
12.05 Juventus - Atalanta
13.45 AC Milan - Frosinone
15.25 Haukar - Selfoss. Leikur 3
16.55 Seinni bylgjan
17.25 Spænsku mörkin
17.55 Ítölsku mörkin
18.25 Lazio - Bologna Bein útsending frá leik í ítölsku úrvalsdeildinni.
20.30 Goals of the Season
21.25 Úrvalsdeildin í þilukasti

FM 88,5 XA-Rádió

FM 89,5 Retro

FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan

FM 93,5 Rás 1

FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland

FM 96,7 Létt Bylgjan

FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan

FM 99,4 Útvarp Saga

FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

Miklu meira en bara ódýrt



VI Air 12V loftdælur í miklu úrvali

Álskóflur



frá 1.999

frá 4.995

Hjólafesting á bíl



8.995

Loftdæla OMEGA 12V 30L



4.895

Viðgerðarbretti



Sonax hreinsivörur á frábæru verði

Háprýstidæla 1200W 100Bör

9.999



Hjólattjakkur 2T m/tösku

3.795




Öflugar háprýstidælur 165Bör 2100W

22.999

Háprýstidæla 1400W 105Bör

14.999



6T Búkkar 605mm Par

9.999



frá 1.495

Startkaplar




4.995

Hleðslutæki 12V 6A

Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla



Frábært úrval af dragböndum/ströppum



Lunchbox útvark ryk/regn/frostpólið

24.995



Ruslapokar 10,20,50stk

frá 395



Hjólbörur 100kg

3.995



Laufahrifur

frá 999



frá 395

Ruslatínur



frá 995

Skóflur

Strákústar

685



Myndlistavörur í miklu úrvali



34.995

Verkfæraskápur á hjólum

59.995

Verkfæraskápur á hjólum m/verkfærum

Mikið úrval af verkfæratöskum

frá 795



7.995

1/2 Toppasett



3.995

1/4 Toppasett



14.995

1/2+1/4 Toppasett Kraftmann 94stk



5.995

Verkfærasett 108 stk



Steðjar í miklu úrvali



Vice Multi angle

6.985

4.985

Skrall-lyklar 8-17



13.995

Flísa sög 80mm

Scanslib Hverfisteinn

frá 19.995



5.999

Fjölsög Höfftech



Rafmagnsvirtaliur í miklu úrvali



9.999

Silverline LI-ion 18V hleðsluborvél 13mm



14.999

Hjólsög GMC 1200W



19.995

Súluborvél 350W (m/skrúfstykki)



16.995

Metabo KS216 bútsög



14.999


SDS Lofthöggvél GMC SDS vélar frá 9.999,-

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17



Þetta er í fimmta skipti sem Hollendingar sigra í Eurovision keppninni, en síðast gerðist það árið 1975. Holland bætist nú í hóp þriggja annarra landa sem hafa lent í fyrsta sæti fimm sinnum en það hafa Lúxemborg, Frakkland og Bretland einnig gert.



Hatari stóð sig með þrýði og hafnaði í tiunda sæti. Þetta er í fjórða skiptið sem Ísland endar í einu af tíu efstu.

Eurovision gleði frá fyrsta degi til hins síðasta

Útsendarar Fréttablaðsins, Benedikt Bóas og Ingólfur Grétarsson, eru nú á leið heim eftir 10 daga dvöl í Ísrael. Þar hafa þeir fylgt eftir slóð Hatara og gleðisprengjunum sem Eurovision fylgir. Hér er örlítil upprifjun á ferðalagi þeirra.



Það má alltaf finna íslendinga hvert sem farið er. Hér er Birna Margrét Haukdal Jakobsdóttir sem býr í Noregi.



Góðgerðarleikur Íslands og Ísraels þar sem Fréttablaðið stóð vaktina.



Fáses liðar, Laufey og Ísak. Stórkostleg eintök af fólki.



Félagarnir í Hatara mættu í 80's þema og voru mjög vinsælir í myndatökum, alvöru- og samfélagsmiðla.



Ein af æskuhetjum Ingólfs, Darude, í viðtali sem týndist á einhvern undarlegan máta.



Ingólfur og Benedikt fyrir utan höllina þar sem gestir gátu hvílt lúin bein.



Ingólfur ræðir við norsku flytjendurna sem fluttu lagið Spirit in the sky.

LÝKUR Í DAG

ALLAR FERÐATÖSKUR 35% AFSLÁTTUR!



FRÁBÆR
KAUP!

KOMDU
NÚNA!

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 20. maí, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

HÚSGAGNA
HÖLLIN



MAGNAÐUR MAÍ Í HÖLLINNI

CLIPS GARÐHÚSGAGNALÍNAN



CLIPS
Stöðugur og vandaður garðstóll þótt hann sé léttur og einfaldur. Honum er auðvelt að stafla. Stóllinn og armarnir eru úr dufthúðuðu áli en sætið úr plasti sem það dugar ögn/gefur eftir en er þó sterkt og endingargott. Nokkrir litir.

GARÐHÚSGÖGN
30%
AFSLÁTTUR

13.993 kr. ~~49.990 kr.~~

CLIPS

Slakaðu á í dásamlegum ruggustól. Clips er notalegur og vandaður þótt hann sé léttur og einfaldur. Sethæð stólsins 32 cm. Nokkrir litir með samlitum örmum og grind.

27.993 kr. ~~39.990 kr.~~



NÝR BÆKLINGUR Á
husgagnahollin.is
SPENNANDI tilboð
og NÝJAR vörur

HÚSGAGNA
HÖLLIN

Sími: 558 1100

Reykjavík 10 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga
Ísafjörður Skeiði 1



Indverska leikkonan Deepika Padukone vakti mikla athygli í þessum skægræna tjullkjól. MYND/NORDICPHOTOS

Kjólarnir í Cannes

Við tókum saman nokkra af athyglisverðustu kjólunum á Cannes í ár.

Kvikmyndahátíðin í Cannes stendur nú yfir í sjötugasta og annað sinn í Suður-Frakklandi. Er þetta nokkurs konar uppskeruhátíð kvikmyndabransans, þar sem allar helstu stjórnur heims mæta til að sýna sig og sjá aðra. Þær klæðast gjarnarn því heitasta sem er að finna í tískuheiminum hverju sinni eins og sjá má á meðfylgjandi myndum. Við tókum saman nokkra af flottustu og furðulegustu kjólunum á hátíðinni í ár, en henni lýkur næsta laugardag.



Plötusnúðurinn Kiddy Smile mætti í þessum glæsilega munstraða og sumarlega kjól.



Íslandsvinurinn Lafði Victory Hervey hefur alltaf verið þekkt fyrir sérstakan fatastíl og nú var svo sannarlega engin breyting þar á.



Leik og söngkonan Selena Gomez mætti á frumsýningu The dead don't die, en hún leikur einmitt í myndinni.



Ungstirnó Elle Fanning lét sig ekki vanta á hátíðina í ár og klæddist þessum apríkósulitaða kjól.

SÍMAR AUGLÝSINGAÐELDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jóhanna Helga Viðarsdóttir johanna@frettabladid.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Gústaf Bjarnason gustaf@frettabladid.is, Hjördís Zoëga Hjördis hjordis@frettabladid.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@frettabladid.is, Svava Ó'Brien svava@frettabladid.is, Örn Geirsson orn.geirsson@frettabladid.is FÓLK/SERBLÓÐ SÍMI 550 5077: Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Arnar Magnússon arnar@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Ión Ivar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is FÓLK OG SERBLÓÐ EFNÍ: Benedikt Boas Hinriksson benediktboas@frettabladid.is RÁÐAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is, Viðar Ingi Pétursson vidar@frettabladid.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@frettabladid.is, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@frettabladid.is

Skál fyrir hollustu





BAKÞANKAR

Láru G.
Sigurðardóttur



Að vera elskaður

Engin kona getur kallað sjálfa sig frjálsa þar til hún getur valið hvort hún vill eða vill ekki verða móðir“ sagði hjúkrunarfræðingurinn Margaret Sanger árið 1922. Margaret talaði af reynslu. Hún var ein ellefu systkina sem komust á legg en móðir hennar eignaðist átján börn á 23 árum og dó frá þeim fyrir fimmtugt.

Æska Margaret hafði mikil áhrif á hana og mótaði ævistarf hennar. Orðasambandið takmörkun barn-eigna (e. birth control) er komið frá henni og hún opnaði fyrstu getnaðarvarnaklíník Bandaríkjanna í New York árið 1916, sem var reyndar lokað skömmu síðar og hún ákærð fyrir að fræða konur um hvernig börn verða til. Margaret gafst ekki upp. Hún stofnaði alþjóðasamtök um skipulagðar barneignir og átti stóran þátt í þróun getnaðarvarnapillunnar á sjötta áratugnum.

Áhrifavaldar eins og Margaret greiða slóð mannréttinda. Ef kona telur sig ekki færa um að ala barn þá er ekki annarra að ákveða hið gagnstæða. Sama hvað fólk finnst þá halda konur áfram að fara í þungunarrof hvort sem það er bannað eða ekki. Það er hins vegar undir lögunum komið hvort það sé gert við aðstæður sem eru farsælstar fyrir konuna. Við vitum að enn í dag eru þungunarrof gerð í bakhúsum, við óhreinar aðstæður og jafnvel framkvæmdar af óhæfum aðila sem leiðir oft til alvarlegra fylgikvilla eða dauða.

Það er súrealískt að á sama tíma og okkar þingmenn sýna í verki að þeir standa með kvenfrelsi horfum við á bylgju afturfara í mörgum fylkjum Bandaríkjanna þar sem konur geta ekki endað þungun án þess að það leiði til sakamáls. En ekki fylgir sögunni hver ætlar að hugsa um barnið sem móðirin vill ekki ala? Er betra að fæðast og vera ekki elskaður?

FYRIR SVANGA
FERÐALANGA

Kvikk
ON THE GO

FYRIR SVANGA
FERÐALANGA

TORTILLA
OG GOS*
COMBO VERÐ:
499 KR



*0,5 l gos í plasti frá Ölgerðinni.
Tilbúin vara, ekki hægt að breyta.

Kvikk
ON THE GO



Apple TV 4K á 0 kr. með ótakmörkuðum Ljósleiðara hjá Nova!



Þú þarft bara að segja já!

Segðu bless við myndlykilinn og lækkaðu reikninginn. Við mætum heim til þín og græjum netið frítt. Þú borgar 1.690 kr. á mán. fyrir Apple TV 4K og færð sömu upphæð í afslátt af ótakmörkuðum Ljósleiðara í 18 mánuði — þú borgar því í raun ekkert fyrir Apple TV 4K.

Mánaðarleg 1.690 kr. afborgun fyrir 32 GB Apple TV 4K í 18 mánuði, greidd með kreditkort. Greiðsludreifingargjald 325 kr./mán. Ef þú staðgreiðir 29.990 kr. þarftu ekki kreditkort, en færð afsláttinn!

Stærsti
skemmtistaður
í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is